2002 nr. 161 20. desember
Lög um fjármálafyrirtæki

Tóku gildi 1. janúar 2003. *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 85/611/EBE, 86/635/EBE, 93/22/EBE, 95/26/EB, 2000/12/EB og 2000/43/EB. *Breytt með* l. 4/2004 (tóku gildi 6. febr. 2004), l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), l. 130/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005, sjá nánar um lagaskil í 21. gr.; *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 2002/87/EB og 2001/24/EB), l. 67/2006 (tóku gildi 24. júní 2006), l. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), l. 170/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 55/2007 (tóku gildi 3. apríl 2007), l. 111/2007 (tóku gildi 1. nóv. 2007; *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 2004/39/EB), l. 144/2007 (tóku gildi 29. des. 2007), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 96/2008 (tóku gildi 24. júní 2008), l. 125/2008 (tóku gildi 7. okt. 2008), l. 129/2008 (tóku gildi 15. nóv. 2008), l. 44/2009 (tóku gildi 22. apríl 2009), l. 61/2009 (tóku gildi 31. maí 2009), l. 74/2009 (tóku gildi 14. júlí 2009), l. 76/2009 (tóku gildi 16. júlí 2009), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 125/2009 (tóku gildi 30. des. 2009), l. 65/2010 (tóku gildi 27. júní 2010), l. 75/2010 (tóku gildi 26. júní 2010 nema 2. mgr. 8. gr., 10. gr. og 13. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2011, 3. mgr. 39. gr. sem tók gildi 1. júlí 2011 og 4. mgr. 39. gr. sem tók gildi skv. fyrirmælum í 5. tölul. í brbákv. II), l. 127/2010 (tóku gildi 12. okt. 2010), l. 132/2010 (tóku gildi 17. nóv. 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 32/2011 (tóku gildi 14. apríl 2011), l. 78/2011 (tóku gildi 29. júní 2011), l. 119/2011 (tóku gildi 29. sept. 2011), l. 120/2011 (tóku gildi 1. des. 2011; *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 2007/64/EB), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 146/2011 (tóku gildi 26. okt. 2011).

I. kafli. [Gildissvið. Markmið. Orðskýringar.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 3. gr.*

■ **1. gr.** [Tilgangur laga þessara er að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.][1)]

□ Lög þessi gilda um innlend fjármálafyrirtæki og um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi. . . . [2)]

[1)] *L. 75/2010, 1. gr.* [2)] *L. 119/2011, 1. gr.*

■ [**1. gr. a.** *Orðskýringar.*

□ Í lögum þessum merkir:

1. *Náin tengsl:* Náin tengsl teljast vera til staðar þegar:

a. bein eignatengsl eða bein yfirráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis liggja fyrir, eða

b. yfirráð eða samstarf er til staðar milli aðila í skilningi laga þessara.

2. *Hópur tengdra viðskiptavina:* Það telst hópur tengdra viðskiptamanna ef öðru eða báðum eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum, eða

b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í [erfiðleikum með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda].[1)]

3. *Virkur eignarhlutur:* Bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.

4. *Hlutdeild:* Beinn eða óbeinn eignarréttur eða eftir atvikum annars konar ráðstöfunarréttur yfir eignarhlut, t.d. atkvæðisrétti.

5. *Samstarf:* Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

a. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í staðfestri samvist eða skráðri sambúð. Foreldrar og börn teljast enn fremur aðilar í samstarfi.

b. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið.

c. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. aðili á með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög og systurfélög teljast í samstarfi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.

d. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

6. *Framkvæmdastjóri:* Einstaklingur sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga eða laga þessara, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.

7. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

8. *Lykilstarfsmaður:* Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

9. *Yfirráð:* Tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags.

[10. *Fjármálafyrirtæki:* Viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlun eða rekstrarfélag verðbréfasjóða sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr.

11. *Verðbréfun* (e. securitisation): Viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem lánaáhætta tengd ákveðinni kröfu eða kröfusafni er lagskipt í hluta (e. tranches) með eftirfarandi hætti:

1. greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomunni af kröfunni eða kröfusafninu, og

2. forgangsröðun laganna (e. tranches) ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins.][1)]][2)]

[1)] *L. 119/2011, 2. gr.* [2)] *L. 75/2010, 2. gr.*

II. kafli. Starfsleyfi.

A. Veiting starfsleyfis.

■ **2. gr.** *Starfsleyfisveitandi.*

□ Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Fjármálafyrirtæki er heimilt að hefja starfsemi þegar það hefur fengið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.

□ [Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum við mat á umsókn um starfsleyfi fjármálafyrirtækis sem er:

a. dótturfélag fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki,

b. dótturfélag móðurfélags fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða

c. undir yfirráðum aðila, einstaklings eða lögaðila, sem hefur ráðandi stöðu í fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélagi í öðru aðildarríki.

HÁDEGISÚTGÁFA

□ Samráð skv. 2. mgr. skal m.a. taka til upplýsinga um hæfi hluthafa og stjórnenda, sbr. 42. og 52. gr.

□ Samráð skv. 2. mgr. gildir jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að starfsskilyrði séu uppfyllt.

□ . . . [1]]2]

[1] *L. 75/2010, 4. gr.* [2] *L. 130/2004, 1. gr.*

■ **3. gr.** *Leyfisskyld starfsemi.*

□ Eftirtalin starfsemi er starfsleyfisskyld samkvæmt lögum þessum:

1. Móttaka endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi:

a. Innlán.

b. Skuldaviðurkenningar.

2. Veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.

3. Eignaleiga þegar fyrirtæki hefur slíka starfsemi að meginstarfsemi sinni. Með eignaleigu er átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma.

4. . . . [1]

5. Útgáfa og umsýsla rafeyris.

6. [Viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti:

a. Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.

b. Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.

c. Eignastýring.

d. Fjárfestingarráðgjöf.

e. Sölutrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga.

f. [Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.][2]

g. Rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).][3]

7. Rekstur verðbréfasjóða.

□ Um aðrar starfsheimildir fjármálafyrirtækja fer skv. IV. kafla.

□ [Aðilar þessir falla ekki undir gildissvið laganna:

1. Seðlabankar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðrar opinberar stofnanir sem annast eða hafa afskipti af lánamálum ríkja.

2. Vátryggingafélög.

3. [Verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir sem og vörslufyrirtæki slíkra sjóða.][4]

4. Lögmenn og löggiltir endurskoðendur, enda sé um tilfallandi þjónustu að ræða og hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni á starfssviði þeirra.

5. Aðilar sem veita þjónustu fyrir móðurfélög sín, dótturfélög sín eða fyrir önnur dótturfélög móðurfélags síns.

6. Aðilar sem veita aðeins þjónustu í tengslum við stjórnun á sjóðum starfsmanna um fjárfestingar.

7. Aðilar sem hafa ekki leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum að meginstarfsemi sinni, metið á samstæðugrunni, og eiga í viðskiptum með fjármálagerninga fyrir eigin reikning eða veita viðskiptavinum meginstarfsemi sinnar þjónustu með hrávöruafleiður eða afleiðusamninga skv. d-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

8. Aðilar sem veita fjárfestingarráðgjöf sem hluta af þjónustu sem fellur ekki undir lög þessi að öðru leyti svo framarlega sem ekki er greitt sérstaklega fyrir ráðgjöfina.

9. Aðilar sem hafa að meginstarfsemi að eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning með hrávöru eða hrávöruafleiður, svo framarlega sem þeir eru ekki hluti af samstæðu sem hefur að meginstarfsemi að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum.][3]

□ [Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur skv. 3. mgr.][3]

[1] *L. 120/2011, 81. gr.* [2] *L. 75/2010, 5. gr.* [3] *L. 111/2007, 1. gr.* [4] *L. 144/2007, 1. gr.*

■ **4. gr.** *Tegundir starfsleyfa.*

□ Fjármálafyrirtæki getur fengið starfsleyfi sem:

1. Viðskiptabanki skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Viðskiptabanki skal þó ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

2. Sparisjóður skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Sparisjóður skal þó ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

3. Lánafyrirtæki skv. b-lið 1. tölul. og 2.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Lánafyrirtæki skal ætíð hafa starfsleyfi skv. b-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. Lánafyrirtæki hefur heimild til að kalla sig fjárfestingarbanka.

4. Rafeyrisfyrirtæki skv. 5. tölul. 1. mgr. 3. gr.

5. Verðbréfafyrirtæki skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.

6. [Verðbréfamiðlun skv. a- og/eða d-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.][1]

7. [Rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. c-lið 6. tölul. og 7. tölul. 1. mgr. 3. gr.][2]

□ Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. telst vera lánastofnun í skilningi laga þessara.

□ [Fjármálafyrirtæki sem ekki er heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning er þrátt fyrir það heimilt að fjárfesta í fjármálagerningum utan veltubókar, í því skyni að ávaxta eigið fé sitt. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessu ákvæði.][1]

[1] *L. 111/2007, 2. gr.* [2] *L. 144/2007, 2. gr.*

■ **5. gr.** *Umsókn.*

□ Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Upplýsingar um tegund starfsleyfis sem sótt er um, sbr. 4. gr., leyfisskylda starfsemi, sbr. 1. mgr. 3. gr., og aðra starfsemi sem fyrirhuguð er, sbr. IV. kafla.

2. Samþykktir félags.

3. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt.

4. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.

5. Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.

6. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur, sbr. VI. kafla.

7. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.

8. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár eða stofnfjár.

9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila, sbr. 18. gr.

10. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

■ **6. gr.** *Veiting starfsleyfis.*

□ Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn

FRÁ ÚTGÁFA

barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

□ Í starfsleyfi skal koma fram til hvaða tegundar leyfið tekur, sbr. 4. gr., hvaða starfsleyfisskylda starfsemi heimilt er að stunda á grundvelli þess og hvaða aðra starfsemi fyrirhugað er að stunda skv. IV. kafla. [Ekki er heimilt að veita starfsleyfi sem tekur eingöngu til viðbótarþjónustu skv. 25. gr. Fjármálafyrirtæki, sem hyggst auka við starfsemi sína þannig að hún taki til annarrar starfsemi skv. IV. kafla sem fellur ekki undir starfsleyfi þess, skal sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins til að stunda þá starfsemi.][1)]

□ Fjármálafyrirtæki er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé eða stofnfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.

□ Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði.

[1)] *L. 111/2007, 3. gr.*

■ **7. gr.** *Synjun starfsleyfis.*

□ Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

□ Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan þriggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Synjun skal þó alltaf hafa borist umsækjanda tólf mánuðum frá móttöku umsóknar.

■ **8. gr.** *Skrá yfir fjármálafyrirtæki.*

□ Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir fjármálafyrirtæki og útibú þeirra þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um hlutaðeigandi fyrirtæki. [Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu, fyrir fram ef við á, um allar breytingar á áður veittum upplýsingum, þar á meðal upplýsingum um stjórn eða framkvæmdastjóra, um fjölgun eða fækkun útibúa og ef fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.][1)]

[1)] *L. 111/2007, 4. gr.*

B. Afturköllun starfsleyfis.

■ **9. gr.** *Ástæður afturköllunar.*

□ Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta:

1. hafi fyrirtækið fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. fullnægi fyrirtækið ekki ákvæðum laga þessara um stofnfé, hlutafé, eigið fé eða fjölda stofnfjáreigenda,
3. nýti fyrirtækið ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt,
4. fullnægi hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækis ekki þeim hæfisskilyrðum sem fram koma í 42. og 52. gr.,
5. sé um að ræða náin tengsl fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila með þeim hætti sem um getur í 18. gr.,
6. [hafi ráðstafanir sem gripið hefur verið til á grundvelli ákvæða um inngrip Fjármálaeftirlitsins í eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis skv. 100. gr. a ekki náð árangri eða hafi verið kveðinn upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla],[1)]
7. brjóti fyrirtækið að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

□ Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal fyrirtækinu veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé unnt að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

□ [Þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis skv. 6. tölul. 1. mgr. er [bráðabirgðastjórn, slitastjórn við slitameðferð fjármálafyrirtækis eða skiptastjóra við gjaldþrotaskipti á búi þess][2)] heimilt, með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi að svo miklu leyti sem hún er nauðsynleg vegna bústjórnar og ráðstöfunar hagsmuna þrotabús.][3)]

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna fjármálafyrirtæki að stunda tiltekna starfsemi sem því er heimil skv. IV. kafla. Um slíkt bann gilda ákvæði 1. og 2. mgr.

[1)] *L. 125/2008, 3. gr.* [2)] *L. 44/2009, 1. gr.* [3)] *L. 129/2008, 1. gr.*

■ **10. gr.** *Tilkynning um afturköllun og slit fjármálafyrirtækis.*

□ Afturköllun á starfsleyfi fjármálafyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

□ Ef starfsleyfi fjármálafyrirtækis er afturkallað skal fyrirtækinu slitið og fer um slitin samkvæmt ákvæðum XII. kafla.

■ [**10. gr. a.** *Takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis.*

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að takmarka starfsemi einstakra starfsstöðva fjármálafyrirtækja telji það sérstaka ástæðu til. Því er enn fremur heimilt að setja einstaka starfsstöðvum fjármálafyrirtækis sérstök skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að takmarka tímabundið starfsemi fjármálafyrirtækis sem því er heimilt að stunda, í heild eða hluta, hvort sem hún er starfsleyfisskyld eða ekki, telji stofnunin sérstaka ástæðu til.

□ Áður en gripið er til takmörkunar skv. 1. mgr. skal viðkomandi fjármálafyrirtæki gefinn kostur á að koma við úrbótum sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu rökstuddar skriflega. Veiti fjármálafyrirtækið þjónustu í öðru aðildarríki skal tilkynning um efni ákvörðunarinnar og rökstuðning send lögbærum eftirlitsaðila í því ríki.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 6. gr.*

III. kafli. Stofnun og starfsemi.

■ **11. gr.** *Búsetuskilyrði stofnenda.*

□ Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur fjármálafyrirtækja.

□ [Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum eru undanþegnir búsetuskilyrðum 1. mgr.][1)] [Ráðherra][2)] er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

[1)] *L. 108/2006, 75. gr.* [2)] *L. 126/2011, 355. gr.*

■ **12. gr.** *Heiti.*

□ Fjármálafyrirtækjum er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin „banki“, „viðskiptabanki“, „fjárfestingarbanki“, „sparisjóður“, „rafeyrisfyrirtæki“, „verðbréfafyrirtæki“, „verðbréfamiðlun“ og „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“, ein sér eða samtengd öðrum orðum, í samræmi við starfsleyfi sitt.

□ Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlends og innlends fjármálafyrirtækis sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annað fyrirtækjanna verði auðkennt sérstaklega.

□ Fjármálafyrirtæki má ekki auðkenna starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að líta svo á að um Seðlabanka Íslands geti verið að ræða.

■ **13. gr.** *Rekstrarform.*

□ Fjármálafyrirtæki skal starfa sem hlutafélag. Um rekstrarform sparisjóða gilda ákvæði VIII. kafla.

HÉRAÐSKJALASAFN

■ **14. gr.** [*Hlutafé og stofnfé.*

□ Við veitingu starfsleyfis skal lágmark innborgaðs stofnfjár (e. initial capital) fjármálafyrirtækja vera eins og tilgreint er í 2.–8. mgr. Til stofnfjár skv. 1. málsl. telst innborgað hlutafé, innborgað stofnfé sparisjóðs og varasjóðir (e. cash money).

□ Hlutafé viðskiptabanka og lánafyrirtækis og stofnfé sparisjóðs skal að lágmarki nema 5 milljónum evra (EUR).

□ Stofnfé sparisjóðs sem starfar á afmörkuðum, staðbundnum markaði og hefur eingöngu starfsheimildir skv. 1., 2., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal að lágmarki nema 1 milljón evra. Í umsókn um starfsleyfi skal umsækjandi gera grein fyrir hvað telst staðbundinn, afmarkaður markaður viðkomandi sparisjóðs. Fjármálaeftirlitið ákvarðar hvað telst staðbundinn, afmarkaður markaður.

□ Hlutafé rafeyrisfyrirtækis skal að lágmarki nema 1 milljón evra.

□ Hlutafé verðbréfafyrirtækis skal að lágmarki nema 730 þúsundum evra.

□ Hlutafé verðbréfafyrirtækis sem hefur ekki starfsheimildir til að stunda viðskipti fyrir eigin reikning eða sinna sölutryggingu fjármálagerninga og hefur a.m.k. eina af starfsheimildum a–c-liðar þessarar málsgreinar, ásamt því að fara með vörslur fjármuna eða fjármálagerninga viðskiptavinar, skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra:

a. móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga,

b. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eða

c. eignastýringu.

□ Hlutafé verðbréfamiðlunar skal að lágmarki nema 50 þúsundum evra.

□ Hlutafé rekstrarfélags verðbréfasjóða skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra. Hlutafé skal hækka um sem nemur 0,02% af eignum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur og eru umfram 250 milljónir evra. Hlutafé skv. 1. og 2. málsl. þarf þó ekki að fara yfir 10 milljónir evra. Með eignum rekstrarfélags samkvæmt þessari málsgrein skal telja eignir verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

□ Sé hlutafé eða stofnfé skv. 2.–8. mgr. skráð í íslenskum krónum skal miða við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

□ Óski fjármálafyrirtæki eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 2.–8. mgr.

□ Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skv. 84. og 85. gr. má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 2.–8. mgr.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessari grein.]1)

1) *L. 75/2010, 7. gr.*

■ **15. gr.** *Höfuðstöðvar.*

□ Fjármálafyrirtæki, sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

■ **16. gr.** *Endurskoðunardeild.*

□ [Í fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Innri endurskoðunardeild skal starfa óháð öðrum deildum í skipulagi fjármálafyrirtækis og er hún hluti af skipulagi þess og þáttur í eftirlitskerfi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar skulu sameiginlega búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til þess að takast á við verkefni deildarinnar og skal starfsmannafjöldinn endurspegla stærð fjármálafyrirtækis og starfsemi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar mega ekki vera hluthafar í viðkomandi fjármálafyrirtæki. Heimilt er að kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar í reglugerð.

□ Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækis sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Hann skal hafa sérþekkingu á sviði innri endurskoðunar, hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu. Hann má ekki hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er tekið hæfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar til sérstakrar skoðunar telji stofnunin tilefni til.

□ Innri endurskoðun skal reglulega gera stjórn og endurskoðunarnefnd grein fyrir starfsemi sinni. Skylt er að taka þær athugasemdir sem forstöðumaður innri endurskoðunar metur mikilvægar fyrir á stjórnarfundum og færa til bókar. Forstöðumaður innri endurskoðunardeildar hefur rétt til setu á stjórnarfundum þar sem athugasemdir hans eru á dagskrá.

□ Eigi sjaldnar en árlega skal innri endurskoðun gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir niðurstöðum kannana sinna. Auk þess skal innri endurskoðun tilkynna Fjármálaeftirlitinu sérstaklega og án tafar þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og sendar stjórn.

□ Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar einstakra fjármálafyrirtækja, veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi þeirra og sett þeim fyrirtækjum sérstök skilyrði sem slíka undanþágu fá.]1)

1) *L. 75/2010, 8. gr.*

■ **17. gr.** *Eftirlitskerfi með áhættu.*

□ [Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem starfsemin felur í sér hverju sinni. Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar.

□ [Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta forsendur og niðurstöður þeirra. Niðurstöður álagsprófa skulu vera á dagskrá næsta stjórnarfundar eftir að niðurstaða þeirra liggur fyrir.

□ Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um framkvæmd áhættustýringar, stöðu þeirra sem framkvæma áhættustýringu í skipuriti fjármálafyrirtækja og um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.]1)]2)

1) *L. 75/2010, 9. gr.* 2) *L. 170/2006, 2. gr.*

■ [**17. gr. a.** *Uppfærð skuldbindingaskrá.*

□ Fjármálafyrirtæki skal halda sérstaka skrá um alla þá sem njóta lánafyrirgreiðslu þess. Til lánafyrirgreiðslu samkvæmt þessari grein teljast beinar lánveitingar til viðkomandi, kaup á skuldabréfum útgefnum af viðkomandi, kaup á eignasafni annars lánveitanda þar sem er að finna kröfu á viðkomandi

ÓFRÍÐ ÞÝÐING

og hvers konar önnur fyrirgreiðsla sem jafna má til lánafyrirgreiðslu, enda nemi brúttóskuld viðkomandi við fjármálafyrirtækið að lágmarki 300 millj. kr.

□ Fjármálafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu uppfærða skrá miðað við hver mánaðamót. Skal skráin greinast í nöfn og kennimerki lántakenda. Enn fremur skal senda sambærilega skrá um aðila í nánum tengslum og hópa tengdra viðskiptamanna, að svo miklu leyti sem þeir aðilar eru ekki á fyrrnefndri skrá. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um meðferð upplýsinga sem skráin hefur að geyma.

□ Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um innihald skrárinnar.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 10. gr.*

■ [**17. gr. b.** *Skylda lántaka til að veita upplýsingar.*

□ Telji Fjármálaeftirlitið að lántökur einstaks aðila, sem er á skuldbindingaskrá skv. 17. gr. a og lýtur ekki opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, geti haft kerfislæg áhrif er því heimilt að krefja viðkomandi um upplýsingar um skuldbindingar hans. Til skuldbindinga samkvæmt þessari grein teljast beinar lántökur, ádregnar lánalínur, útgáfa á skuldaskjölum viðkomandi, kaup á skuldatryggingu eða greiðsluvátryggingu vegna lántöku, kaup- og söluréttur og hvers konar önnur fyrirgreiðsla, innan eða utan efnahagsreiknings, sem viðkomandi hefur notið og jafna má til lánafyrirgreiðslu eða ábyrgðar.

□ Neiti aðili að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið fyrirskipað eftirlitsskyldum aðilum að ekki verði um frekari fyrirgreiðslu af hálfu eftirlitsskyldra aðila við viðkomandi að ræða. Sama á við ef upplýsingagjöf viðkomandi er ófullnægjandi. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu rökstuddar skriflega.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 10. gr.*

■ **18. gr.** *Náin tengsl.*

□ Starfsleyfi skal ekki veitt ef náin tengsl fjármálafyrirtækis, [sbr. 1. tölul. 1. gr. a],[1)] við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með fyrirtækinu af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur, sem gilda um slíka tengda aðila, hindra eftirlit.

□ . . . [1)]

[1)] *L. 75/2010, 11. gr.*

■ **19. gr.** *Góðir viðskiptahættir og venjur.*

□ [Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

□ Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

□ Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.

□ Fjármálafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í fyrirtækinu.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 12. gr.*

■ [**19. gr. a.** *Úrskurðarnefnd.*

□ Fjármálafyrirtæki skal hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

□ Fjármálafyrirtækjum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar samkvæmt samningi milli [ráðherra],[1)] Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja, svo og samkvæmt samþykktum er hún setur sér. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Nefndin kveður upp rökstudda úrskurði og verður þeim ekki skotið til stjórnvalda, en heimilt er aðilum máls að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjubundnum hætti. Ráðherra annast birtingu samþykkta nefndarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.][2)]

[1)] *L. 126/2011, 355. gr.* [2)] *L. 75/2010, 13. gr.*

■ [**19. gr. b.** *Upplýsingar um viðskiptamenn.*

□ Fjármálafyrirtæki skulu setja sér reglur um hvernig haldið er utan um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn. Í þeim skal koma fram hvaða starfsmenn hafi aðgengi að upplýsingunum starfs síns vegna, hvernig staðið skuli að miðlun upplýsinga til innra eftirlits, eftirlitsstjórnvalda og lögreglu og hvernig eftirliti með framkvæmd reglnanna er háttað. Reglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 14. gr.*

IV. kafli. Starfsheimildir.

A. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki.

■ **20. gr.** *Starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja.*

□ Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða getur tekið til eftirfarandi þátta:

1. Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalána,
   b. langtímaveðlána,
   c. kröfukaupa og kaupa skuldaskjala og
   d. viðskiptalána.
3. Fjármögnunarleigu.

[4. Greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.

5. Útgáfu og umsýslu greiðsluskjala, svo sem ferðatékka og víxla.][1)]

6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
7. Viðskipta fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
   d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
   e. verðbréf.
8. [Þátttöku í útboðum verðbréfa, þjónustuviðskipta sem tengjast slíkum útboðum og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.][2)]
9. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlunar.
11. Stjórnunar og ráðgjafar varðandi samval verðbréfa.
12. Vörslu og ávöxtunar verðbréfa.
13. Upplýsinga um lánstraust (lánshæfi).
14. Útleigu geymsluhólfa.

ÚTGÁFA

□ Starfsemi lánafyrirtækja getur tekið til 1.–14. tölul. 1. mgr. að því undanskildu að lánafyrirtækjum er óheimilt að taka á móti innlánum.

□ Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki hafa heimildir til viðskipta með verðbréf skv. 25. gr.

[1] *L. 120/2011, 81. gr.* [2] *L. 75/2010, 15. gr.*

■ **21. gr.** *Önnur þjónustustarfsemi og hliðarstarfsemi.*

□ Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að sinna annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við heimildir þeirra skv. 20. gr.

□ Auk þjónustu skv. 20. gr. er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins. Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar tekur einnig til þess þegar fjármálafyrirtæki á eignarhlut í eða er þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi. Senda skal tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins ef fyrirhugað er að stunda starfsemi samkvæmt þessari málsgrein. Með slíkri tilkynningu skulu fylgja upplýsingar um hina fyrirhuguðu starfsemi sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi. Hafi Fjármálaeftirlitið ekki gert athugasemd við hina fyrirhuguðu starfsemi innan eins mánaðar frá því að fullnægjandi tilkynning berst skal litið svo á að heimilt sé að hefja starfsemina. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að starfsemin sé stunduð í sérstöku félagi, en skal þá tilkynna viðkomandi aðila um þá ákvörðun sína innan fyrrgreinds frests. Sé vanrækt að senda tilkynningu samkvæmt þessari málsgrein getur Fjármálaeftirlitið bannað starfsemina eða krafist þess að hún sé stunduð í sérstöku félagi.

□ Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. [Þeim er enn fremur heimilt að veita þjónustu í umboði annarra, svo sem vátryggingafélaga, lífeyrissjóða og annarra fjármálafyrirtækja, enda telji Fjármálaeftirlitið þá starfsemi hvorki skerða möguleika þeirra til þess að veita þjónustu samkvæmt starfsleyfi sínu né skerða möguleika þess til að hafa eftirlit með starfseminni. Skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt fyrir fram um áform viðkomandi svo að mat þess geti legið fyrir áður en veiting þjónustunnar hefst.][1]

[1] *L. 76/2009, 1. gr.*

■ **22. gr.** *Tímabundin starfsemi og yfirtaka eigna.*

□ Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla að það sé tímabundið og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. [Tilkynning, ásamt rökstuðningi, hér að lútandi skal send Fjármálaeftirlitinu. Hafi viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélag þeirra, þurft að grípa til aðgerða skv. 1. málsl. og tekið yfir a.m.k. 40% eignarhlut í viðskiptaaðila sínum skulu ákvæði VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, gilda um viðskiptaaðilann eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 3. málsl. enda sé fjárhagslegri endurskipulagningu lokið innan sex mánaða frá því að viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélag þeirra, hóf starfsemina. Fjármálaeftirlitið metur hvort fjárhagsleg skilyrði 1. málsl. séu uppfyllt og skal endurskipulagningu lokið áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að starfsemi skv. 1. málsl. hófst. Fjármálaeftirlitið getur framlengt tímafrest skv. 5. málsl. og skal í umsókn rökstutt hvaða atvik hindra sölu.][1]

□ Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og hagkvæmt er.

[1] *L. 75/2010, 16. gr.*

■ **23. gr.** *Heimildir til vátryggingastarfsemi.*

□ Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að reka vátryggingafélag í sérstöku félagi.

B. Önnur fjármálafyrirtæki.

■ **24. gr.** *Starfsheimildir rafeyrisfyrirtækis.*

□ Starfsemi rafeyrisfyrirtækis tekur til útgáfu og umsýslu rafeyris. Önnur starfsemi rafeyrisfyrirtækis en útgáfa rafeyris er takmörkuð við:

1. náskylda fjármálaþjónustu eða aðra þjónustu, svo sem umsýslu rafeyris með því að annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengjast útgáfu hans og útgáfu og umsýslu annarra greiðslumiðla, að undanskilinni hvers konar lánveitingu, og

2. geymslu gagna frá fyrirtækjum eða hinu opinbera á hinum rafræna miðli sem rafeyrir er geymdur á.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og V. kafla er erlendu rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu hér á landi einungis heimilt að gefa út rafeyri. Sama gildir um innlent rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu erlendis.

■ **25. gr.** *Starfsheimildir verðbréfafyrirtækis.*

□ [Starfsemi verðbréfafyrirtækis getur tekið til eftirfarandi þátta í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga:

1. Þjónustu:

a. Móttöku og miðlunar fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.

b. Framkvæmdar fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.

c. Viðskipta með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.

d. Eignastýringar.

e. Fjárfestingarráðgjafar.

f. Sölutryggingar í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga.

g. [Umsjónar með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.][1]

h. Rekstrar markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).

2. Viðbótarþjónustu:

a. Vörslu og stjórnunar í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerninga og tengdrar þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga.

b. Veitingar lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.

c. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

d. Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.

e. Gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.

f. Fjárfestingarrannsókna og greininga eða annarra forma af almennum ráðleggingum í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga.

g. Þjónustu í tengslum við undirliggjandi eignir afleiðusamninga skv. e- og h-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti þegar þær tengjast þeirri þjónustu sem er veitt skv. 1. og 2. tölul.

HÁTÍÐARÚTGÁFA

□ Verðbréfafyrirtæki, sem fellur undir 4. mgr. 14. gr., með leyfi til að framkvæma fyrirmæli varðandi fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina er heimilt að varðveita slíka fjármálagerninga fyrir eigin reikning séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. Slíkar stöður í fjármálagerningum megi einungis rekja til þess að ekki hafi tekist að mæta fyrirmælum viðskiptavina nákvæmlega.

b. Heildarmarkaðsverðmæti fjármálagerninga samkvæmt þessari málsgrein fari ekki yfir 15% af hlutafé verðbréfafyrirtækisins.

c. Ákvæði IV. kafla C og X. kafla séu uppfyllt.

d. Um sé að ræða ráðstafanir til bráðabirgða sem takmarkast við það tímamark sem nauðsynlegt er til að framkvæma fyrirmælin.][2)]

[1)] *L. 75/2010, 17. gr.* [2)] *L. 111/2007, 6. gr.*

■ **26. gr.** *Starfsheimildir verðbréfamiðlunar.*

□ [Starfsemi verðbréfamiðlunar tekur til milligöngu um kaup eða sölu fjármálagerninga og/eða fjárfestingarráðgjafar um verðbréfaviðskipti þar sem endurgjald kemur fyrir. Verðbréfamiðlun er ekki heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning og er einungis heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum viðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma, enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum sem fyrirtækið hefur annast milligöngu um.][1)]

□ . . . [1)]

□ Verðbréfamiðlanir skulu setja tryggingu fyrir tjóni sem þær kunna að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skal setja í reglugerð.

[1)] *L. 111/2007, 7. gr.*

■ **27. gr.** *Starfsheimildir rekstrarfélags.*

□ Starfsheimildir rekstrarfélags taka ávallt til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Rekstrarfélagi er einnig heimilt að stunda eftirfarandi starfsemi:

1. Eignastýringu.
2. Fjárfestingarráðgjöf.
3. Vörslu og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu.

□ Rekstrarfélag með heimildir til eignastýringar skal leita samþykkis viðskiptavinar áður en fjárfest er í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

□ Rekstrarfélagi er óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa.

C. Eignarhlutir í fyrirtækjum og stórar áhættur.

■ **28. gr.** *Hámark virkra eignarhluta.*

□ Fjármálafyrirtæki mega ekki eiga virka eignarhluti í einstökum fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði, sem nema hærri fjárhæð en 15% af [eiginfjárgrunni][1)] hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr. Með fyrirtæki tengdu fjármálasviði er átt við fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 2.–12. tölul. 1. mgr. 20. gr.

□ Samtala virkra eignarhluta skv. 1. mgr. má ekki nema hærri fjárhæð en 60% af [eiginfjárgrunni][1)] fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr. Bókfært virði samanlagðra eignarhluta sem fjármálafyrirtæki hefur eignast má ekki nema hærri fjárhæð en 100% af [eiginfjárgrunni][1)] þess. Eignarhlutir sem dregnir skulu frá við útreikning á [eiginfjárgrunni][1)] og eignarhlutir í fyrirtækjum, sem mynda samstæðu, skulu ekki teknir með við útreikning hlutfalla skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar. [Tímabundinn eignarhlutur fjármálafyrirtækis, þó ekki eignarhlutur í veltubók, í fyrirtæki í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu í þeim tilgangi að verja kröfur fjármálafyrirtækisins skal undanþeginn við útreikning skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.][1)]

□ Heimilt er að eignarhlutir fjármálafyrirtækja fari fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. eða 1. málsl. 2. mgr., enda sé sú fjárhæð sem umfram er dregin frá við útreikning [eiginfjárgrunns][1)] hlutaðeigandi fyrirtækis. Fari eignarhlutir samtímis fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. skal hærri fjárhæðin af þeim sem umfram eru dregin frá við útreikning [eiginfjárgrunns][1)] hlutaðeigandi fyrirtækis.

□ Fjármálafyrirtæki skulu gefa Fjármálaeftirlitinu sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum fjármálafyrirtækjum sem þau hafa eignast eða tekið að veði . . . [2)]

□ Við útreikning á hlutföllum skv. 1.–2. mgr. . . . [3)] skal taka tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

□ . . . [1)]

[1)] *L. 170/2006, 3. gr.* [2)] *L. 76/2009, 2. gr.* [3)] *L. 75/2010, 18. gr.*

■ **29. gr.** *Eigin hlutir.*

□ [Samanlagður eignarhlutur fjármálafyrirtækis og dótturfélaga þess má ekki nema hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár fyrirtækisins. Eignist viðkomandi meira af hlutafénu eða stofnfénu vegna lúkningar viðskipta, sbr. 22. gr., skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt allt að þriggja mánaða frest til að koma eignarhlutnum niður í lögmælt mark. Um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga.

□ Við útreikning skv. 1. málsl. 1. mgr. skal taka tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 19. gr.*

■ [**29. gr. a.** *Lánveitingar.*

□ Fjármálafyrirtæki eða dótturfélögum þess er óheimilt að veita lán sem eru tryggð með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum útgefnum af því. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út reglur sem undanskilja tiltekna samninga banni skv. 2. málsl. enda auki þeir ekki útlánaáhættu fjármálafyrirtækis.

□ Fjármálafyrirtæki er óheimilt að veita stjórnarmanni, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanni eða þeim sem á virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánum tengslum við framangreinda, lán eða aðra fyrirgreiðslu, sem telst áhættuskuldbinding, nema gegn traustum tryggingum. Fjárhæð áhættuskuldbindingar skv. 1. málsl. skal ekki fara yfir 1% af eiginfjárgrunni en má þó nema allt að 100 millj. kr.

□ Fjármálaeftirlitið setur reglur[1)] um útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindingar skv. 2. mgr. og um hvað teljast traustar tryggingar.

□ Fjármálaeftirlitið setur reglur um með hvaða hætti lán sem eru tryggð með hlutabréfum eða stofnfjárbréfum annars fjármálafyrirtækis koma til útreiknings á áhættu- og eiginfjár-

grunni og í mati á eiginfjárþörf til að tryggja að ekki sé hætta á að lánveitingin skapi kerfislæga áhættu í fjármálakerfinu. Reglurnar taki einnig til þess með hvaða hætti meta skal lán sem eru tryggð með veði í eignasöfnum, svo sem vörslureikningum og verðbréfasjóðum, sem innihalda hlutabréf eða stofnfjárbréf, hvort sem þau eru útgefin af fjármálafyrirtækinu sjálfu eða öðrum fjármálafyrirtækjum, þannig að samræmist ákvæðum 1. mgr. og 1. málsl. þessarar málsgreinar.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um lánveitingar dótturfélaga eftir því sem við á.][2)]

[1)] *Rgl. 162/2011.* [2)] *L. 75/2010, 20. gr.*

■ [**29. gr. b.** *Færsla á útlánaáhættu.*

□ Við útreikning á eiginfjárþörf bera viðskiptabanki, lánafyrirtæki, sparisjóður eða rafeyrisfyrirtæki, sem hvorki eru útgefandi (e. originator), umsýsluaðili (e. sponsor) né upphaflegur lánveitandi (e. original lender), ekki útlánaáhættu í formi verðbréfunar, nema verðbréfunin uppfylli reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

□ Við útreikning á eiginfjárþörf geta útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi ekki undanskilið verðbréfun sem seld hefur verið öðrum aðila, nema útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi haldi eftir ákveðnum hluta áhættunnar í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins.][1)]

[1)] *L. 119/2011, 3. gr.*

■ [**29. gr. c.** *Upplýsingaskylda varðandi verðbréfun.*

□ Útgefandi eða umsýsluaðili skal greina fjárfestum frá skuldbindingu sinni varðandi verðbréfun skv. 29. gr. b. Hann skal tryggja að mögulegir framtíðarfjárfestar hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum varðandi gæði og vanskilastöðu undirliggjandi eigna, sjóðstreymi og tryggingar, auk upplýsinga sem talist geta nauðsynlegar í því skyni að framkvæma heildstæð og traust álagspróf á sjóðstreymi og virði þeirra trygginga sem liggja að baki eignunum. Í þeim tilgangi skulu viðeigandi upplýsingar miðast við þann dag sem stofnað er til verðbréfunar, og síðar ef við á í samræmi við eðli verðbréfunarinnar.][1)]

[1)] *L. 119/2011, 3. gr.*

■ [**29. gr. d.** *Reglur Fjármálaeftirlitsins um verðbréfun.*

□ Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um verðbréfun, þar á meðal um framkvæmd ákvæða 29. gr. b og 29. gr. c, þar sem m.a. kemur fram hversu háu hlutfalli áhættu útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi skal halda eftir og um viðbrögð við viðvarandi lausafjárþurrð á fjármálamarkaði.

□ Ef reglur Fjármálaeftirlitsins eru brotnar ber Fjármálaeftirlitinu að krefjast a.m.k. 250% hækkunar á áhættuvog við eiginfjárútreikning. Ef brot telst óverulegt að mati Fjármálaeftirlitsins er heimilt að falla frá auknum eiginfjárkröfum.][1)]

[1)] *L. 119/2011, 3. gr.*

■ [**29. gr. e.** *Birting athugana Fjármálaeftirlitsins.*

□ Einu sinni á ári skal Fjármálaeftirlitið birta niðurstöður athugana sinna á framfylgni reglna skv. 29. gr. b og 29. gr. d. Ef útgefandi, upphaflegur lánveitandi eða umsýsluaðili hefur brotið gegn skyldum sínum skv. 29. gr. b eða reglum Fjármálaeftirlitsins skv. 29. gr. d skal Fjármálaeftirlitið gefa út samantekt þar sem fram kemur til hvaða aðgerða hefur verið gripið.][1)]

[1)] *L. 119/2011, 3. gr.*

■ **30. gr.** *Takmarkanir á stórum áhættum.*

□ [Áhætta vegna eins viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, sbr. 84. og 85. gr. [Ákvæði 1. málsl. eiga þó ekki við um verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa starfsheimildir skv. c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr., verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.][1)] Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir [400%][1)] af eiginfjárgrunni en með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni.

□ [Leiki vafi á því hverjir teljast til hóps tengdra viðskiptamanna er fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðila saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða.][1)]

□ Með áhættu skv. 1. mgr. er átt við lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhluti og veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis, svo og aðrar skuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækinu.

□ Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur[2)] um stórar áhættur fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.][3)]

[1)] *L. 119/2011, 4. gr.* [2)] *Rgl. 216/2007.* [3)] *L. 75/2010, 21. gr.*

V. kafli. Starfsemi fjármálafyrirtækja á milli landa.

A. Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi.

■ **31. gr.** *Útibú fjármálafyrirtækja innan EES.*

□ Erlent fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki fyrirtækisins. Útibúinu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess. [Svissnesk og færeysk fjármálafyrirtæki geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.][1)]

□ Með útibúi er átt við starfsstöð sem að lögum er hluti af fjármálafyrirtæki og annast beint, að öllu leyti eða að hluta þá starfsemi sem fram fer hjá fjármálafyrirtækjum.

□ Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með hinu erlenda fyrirtæki í heimaríkinu, starfsheimildir þess og starfsemi.

□ Ákvæði hlutafélagalaga varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

[1)] *L. 108/2006, 76. gr.*

■ **32. gr.** *Þjónusta fjármálafyrirtækis innan EES án stofnunar útibús.*

□ Erlendu fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús. Ekki er heimilt að hefja slíka þjónustu fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki fyrirtækisins. Heimildir til að veita þjónustu hér á landi erlendis frá samkvæmt þessari grein verða þó aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækisins í heimaríki þess. [Svissnesk og færeysk fjármálafyrirtæki geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.][1)]

[1)] *L. 108/2006, 77. gr.*

HLÝTT ÚTGÁFA

■ **33. gr.** *Þjónusta eða stofnun útibús hjá fjármálafyrirtæki utan EES.*

□ Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

■ **34. gr.** [*Úrræði vegna starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja.*][1)]

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendu fjármálafyrirtæki að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi fyrirtæki brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot með úrræðum samkvæmt lögum þessum.

□ Áður en ákvörðun er tekin um bann skv. 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til bráðabirgðaaðgerða ef brýna nauðsyn ber til í því skyni að vernda hagsmuni innlánseigenda, fjárfesta og viðskiptamanna fjármálafyrirtækis.

□ Málsmeðferð skv. 1. og 2. mgr. fer eftir ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

□ [Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefja útibú erlendra fjármálafyrirtækja með heimild til verðbréfaviðskipta um allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort útibúið fylgi viðeigandi reglum um fjárfestavernd og gegnsæi viðskipta.

□ Ef Fjármálaeftirlitið hefur rökstudda ástæðu til að ætla að erlent fjármálafyrirtæki með starfsemi hérlendis, hvort sem er með eða án útibús, brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða annarra laga skal Fjármálaeftirlitið gera lögbæru yfirvaldi í heimaríkinu aðvart, enda sé um að ræða brot gegn ákvæðum sem Fjármálaeftirlitinu er ekki falið eftirlit með sem gistiríki. Reynist ráðstafanir lögbærs yfirvalds í heimaríkinu ófullnægjandi til að stöðva ólögmæta háttsemi fyrirtækisins getur Fjármálaeftirlitið, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald heimaríkisins, gert nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda fjárfesta og heilbrigða starfsemi fjármálamarkaða hérlendis. Í þessu felst m.a. heimild til að koma í veg fyrir að hið brotlega fyrirtæki stundi frekari viðskipti hérlendis. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir án tafar.

□ Ef Fjármálaeftirlitið staðreynir að útibú erlends fjármálafyrirtækis sem hefur starfsemi hérlendis hefur gerst brotlegt gegn ákvæðum þessara laga eða annarra laga sem Fjármálaeftirlitinu er falið eftirlit með sem gistiríki skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að umræddri háttsemi sé hætt þegar í stað. Verði útibúið ekki við þeim kröfum skal Fjármálaeftirlitið grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir hina ólögmætu háttsemi. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaríkisins um þær ráðstafanir. Haldi útibúið engu síður áfram hinni ólögmætu háttsemi skal Fjármálaeftirlitið, eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi heimaríkis, grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir umrædda háttsemi eða beita viðeigandi viðurlögum og, eftir því sem kann að reynast nauðsynlegt, koma í veg fyrir að hið brotlega fyrirtæki stundi frekari viðskipti hérlendis. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir án tafar.][1)]

[1)] *L. 111/2007, 8. gr.*

■ **35. gr.** *Reglugerð.*

□ Ráðherra skal setja reglugerð[1)] um heimildir erlendra fjármálafyrirtækja til starfsemi hér á landi og innlendra fjármálafyrirtækja erlendis. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um eftirlit með og nánari kröfur til útibúa og umboðsskrifstofa erlendra fjármálafyrirtækja, um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga fjármálafyrirtækja til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi og um heimildir innlendra fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði til að stunda fjármálastarfsemi erlendis.

[1)] *Rg. 307/1994. Rg. 308/1994, sbr. 497/2004. Rg. 244/2004. Rg. 925/2009. Rg. 942/2011.*

B. Starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis.

■ **36. gr.** *Tilkynning um stofnun útibús.*

□ [Innlend fjármálafyrirtæki sem hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum skulu tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.][1)]

□ Tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar um í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú, lýsing á starfsemi útibúsins, skipulagi þess og fyrirhugaðri starfsemi og upplýsingar um heimilisfang útibúsins og nöfn stjórnenda þess.

□ Eigi síðar en þremur mánuðum frá því að Fjármálaeftirlitinu bárust upplýsingar skv. 2. mgr. skal það senda staðfestingu til lögbærra yfirvalda gistiríkis á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis upplýsingar um eigið fé fyrirtækisins, gjaldfærni, tryggingar innlána og bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar.

□ Fjármálaeftirlitið getur bannað stofnun útibús skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að [stjórnun eða fjárhagsstaða][2)] hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku fullnægjandi upplýsinga skv. 2. mgr.

□ Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem það starfrækir útibú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 2. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda. [Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða lokun útibúsins innan framangreinds frests.][2)]

[1)] *L. 108/2006, 78. gr.* [2)] *L. 75/2010, 22. gr.*

■ **37. gr.** *Tilkynning um þjónustu án stofnunar útibús.*

□ [Hyggist fjármálafyrirtæki veita þjónustu samkvæmt þessum lögum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, án stofnunar útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.][1)] Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

□ Eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. framsendir Fjármálaeftirlitið tilkynninguna til lögbærra eftirlitsaðila í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi fjármálafyrirtækisins heimili fyrirhugaða starfsemi.

□ Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við starfsemi samkvæmt þessari grein ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að [stjórnun eða fjárhagsstaða][2)] hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

□ Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum viðkomandi ríkis eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda.

[1] *L. 108/2006, 79. gr.* [2] *L. 75/2010, 23. gr.*

■ **38. gr.** *Starfsemi utan EES.*

□ Hyggist fjármálafyrirtæki hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

□ Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að [stjórnun eða fjárhagsstaða][1] hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

[1] *L. 75/2010, 24. gr.*

■ **39. gr.** *Kaup á hlutum í erlendu fjármálafyrirtæki.*

□ Hyggist fjármálafyrirtæki kaupa eða fara með virkan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við slíku ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að upplýsingagjöf með starfseminni eða samstæðunni verði ekki nægilega [traust eða eftirlit][1] með henni torveldað. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og skal hún rökstudd.

[1] *L. 75/2010, 25. gr.*

VI. kafli. Eignarhlutir og meðferð þeirra.

■ **40. gr.** [*Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.*

□ Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 25%, 33% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.][1]

[1] *L. 75/2010, 26. gr.*

■ [**40. gr. a.** . . . [1]][2]

[1] *L. 75/2010, 27. gr.* [2] *L. 67/2006, 12. gr.*

■ **41. gr.** [*Upplýsingar í tilkynningu.*

□ Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skv. 40. gr. skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Nafn þess fjármálafyrirtækis sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum eða stjórnendum fjármálafyrirtækis.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstaða þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
7. Núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.
8. Reynsla þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarseta eða önnur þátttaka þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í starfsemi annarra lögaðila.
10. Refsingar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur verið dæmdur til að sæta og hvort viðkomandi sæti rannsókn.
11. Náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við aðra lögaðila.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar og birtir opinberlega.

□ Sé sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lögaðili skulu upplýsingar skv. 1. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum þessum hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt er að afla sambærilegra upplýsinga frá eftirlitsstjórnvaldi þess ríkis. Sama á við ef aðilinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.][1]

[1] *L. 75/2010, 28. gr.*

■ **42. gr.** *Mat á hæfi umsækjanda.*

□ [Eigi síðar en tveimur starfsdögum eftir móttöku tilkynningar skv. 40. gr. skal Fjármálaeftirlitið staðfesta móttöku hennar. Telji Fjármálaeftirlitið að afla þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 1. mgr. 41. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það krafið viðkomandi um þær. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu starfsdögum eftir móttöku tilkynningar. Fjármálaeftirlitið hefur sextíu starfsdaga til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 2. málsl., bætist bið eftir upplýsingunum við dagafjölda skv. 4. málsl., þó ekki umfram tuttugu virka daga. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni lengir ekki framangreinda tímafresti.

□ Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Skal mat Fjármálaeftirlitsins grundvallast á öllum eftirfarandi atriðum:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori og reynslu þess sem mun veita fjármálafyrirtækinu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu heilbrigði (e. financial soundness) þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækinu, einkum með tilliti til þess reksturs sem fjármálafyrirtækið hefur, eða mun hafa, með höndum.
4. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki eða hafa áhrif á hvort það muni fylgja lögum og reglum sem um starfsemi þess gilda. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið og/eða önnur stjórnvöld, til þess hvort staða fjármálafyrirtækisins í hópi fyrirtækja sem það mun tilheyra kunni að mati Fjármálaeftirlitsins að hindra það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um þann

ELDRI ÚTGÁFA

sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindri eðlilegt eftirlit.

5. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni leiða til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

□ Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 3. mgr. 2. gr. við mat sitt.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 29. gr.*

■ **43. gr.** [*Tilkynning til aðila sem telst ekki hæfur.*

□ Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi.

□ Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaðan lá fyrir. Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 42. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 30. gr.*

■ **44. gr.** [*Dráttur. Endurnýjun tilkynningar.*

□ Hafi sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi ráðist í þær fjárfestingar sem hann hafði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá því að niðurstaða þess lá fyrir skal hann tilkynna því að nýju um fyrirhugaða fjárfestingu sína. Ákvæði 40.–43. gr. gilda þá um þá tilkynningu og viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við henni.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 31. gr.*

■ **45. gr.** [*Tilkynning ekki send.*

□ Nú tilkynnir aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 40. gr., og fellur þá niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins fái stofnunin vitneskju um kaupin eða aukninguna. Skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að hlutaðeigandi sendi inn tilkynningu í samræmi við ákvæði 41. gr. Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. 41.–43. gr. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við að viðkomandi aðili eignist eða auki við virkan eignarhlut öðlast hann atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn. Berist tilkynning hlutaðeigandi ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 32. gr.*

■ **46. gr.** [*Óhæfur aðili eignast hlut.*

□ Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður atkvæðisréttur aðila umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Aðili öðlast fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 33. gr.*

■ [**46. gr. a.** *Hömlur á meðferð hlutar meðan tímafrestur stendur.*

□ Kaup á virkum eignarhlut koma ekki til framkvæmda gagnvart fjármálafyrirtækinu sem um ræðir fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að taka málið til skoðunar skv. 42. gr. er liðinn eða niðurstaða Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir, hafi eftirlitið tekið tilkynningu um hin fyrirhuguðu kaup eða aukningu til frekari skoðunar. Á meðan Fjármálaeftirlitið hefur ekki tilkynnt um niðurstöðu sína, eða tímafrestur skv. 42. gr. er ekki liðinn, er þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut óheimilt að taka þátt í ákvörðunum um breytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu, rekstri, starfsemi og innri starfsreglum nema að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði 2. málsl. eiga þó ekki við um meðferð eignarhlutar sem aðili átti fyrir eða er ekki umfram virkan eignarhlut.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 34. gr.*

■ **47. gr.** [*Tilkynning eiganda um aðilaskipti.*

□ Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjár- eða stofnfjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 25%, 33%, 50% eða svo mikið að fjármálafyrirtækið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjár- eða stofnfjáraukningar.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 35. gr.*

■ **48. gr.** [*Tilkynning fjármálafyrirtækis um aðilaskipti.*

□ Þegar hlutafjár- eða stofnfjáreign í fjármálafyrirtæki fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. skal stjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

□ Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra. Sama á við um eigendur stofnfjár.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 36. gr.*

■ **49. gr.** [*Upplýsingaskylda.*

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtæki í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 40. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut samkvæmt þessum kafla. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 37. gr.*

■ [**49. gr. a.** *Raunverulegur eigandi.*

□ Leiki vafi á því, að mati Fjármálaeftirlitsins, hver sé eða verði raunverulegur eigandi virks eignarhlutar skal það tilkynna þeim sem sendi tilkynningu skv. 40. gr. eða fjármála-

fyrirtækinu sjálfu, ef ekki næst til þess sem tilkynnti, að eftirlitið telji viðkomandi ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 38. gr.*

■ [**49. gr. b.** *Náin tengsl.*

□ Ákvæði 40.–49. gr. gilda um náin tengsl eftir því sem við getur átt. Ekki má mynda náin tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 38. gr.*

VII. kafli. Stjórn og starfsmenn.

■ **50. gr.** *Almennt ákvæði.*

□ Um stjórn fjármálafyrirtækis gilda ákvæði laga um hlutafélög, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

■ **51. gr.** *Fjöldi stjórnarmanna.*

□ Stjórn fjármálafyrirtækis skal skipuð eigi færri en þremur mönnum. Þó skulu stjórnir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja skipaðar eigi færri en fimm mönnum.

□ Skipa skal jafnmarga varamenn og aðalmenn í stjórn fjármálafyrirtækis.

■ **52. gr.** *Hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra.*

□ [Stjórnarmenn skulu vera búsettir í aðildarríki eða ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Framkvæmdastjóri skal vera búsettur í aðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

□ Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

□ Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum skv. 1. málsl. á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Jafnframt skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið. Fjármálaeftirlitið setur reglur[1)] um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

□ [Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki. Starfsmönnum fjármálafyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis.][2)]

□ Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis, vátryggingafélags eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu fjármálafyrirtækisins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í fjármálafyrirtækinu. Sama gildir um lögmann móðurfélags.

□ Stjórnarseta skv. 5. mgr. skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði, svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur fjármálafyrirtækisins.

□ Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á félagsstjórn og framkvæmdastjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinarinnar sé fullnægt.][3)]

[1)] *Rgl. 627/2011.* [2)] *L. 119/2011, 5. gr.* [3)] *L. 75/2010, 39. gr.*

■ [**52. gr. a.** *Stjórn fjármálafyrirtækis boðar til aðalfundar félagsins.*

□ Stjórn fjármálafyrirtækis skal boða til aðalfundar í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar. Nú boðar stjórn ekki til fundar í samræmi við 1. málsl. og skal þá Fjármálaeftirlitið boða til hans að kröfu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem er atkvæðisbær á aðalfundi. Fjármálaeftirlitið tilnefnir fundarstjóra í þeim tilvikum og skal stjórn afhenda honum skrá yfir þá sem eru atkvæðisbærir, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 40. gr.*

■ [**52. gr. b.** Stjórn móðurfélags ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar mynduð er félagasamstæða og fjármálafyrirtæki öðlast yfirráð í öðru félagi. Einnig skal tilkynna verulegar breytingar á skipulagi samstæðu þegar þær ganga í gildi.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 40. gr.*

■ [**52. gr. c.** Stjórn og framkvæmdastjóri skulu án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 40. gr.*

■ **53. gr.** *Hæfisskilyrði starfsmanna í verðbréfaviðskiptum.*

□ Starfsmenn fjármálafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Í tengslum við veitingu starfsleyfis og jafnskjótt og breytingar verða ber fjármálafyrirtæki að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn samkvæmt þessari málsgrein. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

□ Prófnefnd verðbréfaviðskipta hefur umsjón með prófi í verðbréfaviðskiptum sem að jafnaði skal haldið einu sinni á ári. [Ráðherra][1)] skipar prófnefnd til fjögurra ára í senn. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa skulu próftakar greiða gjald sem ráðherra ákveður. Ákvarðanir prófnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

□ Prófnefnd verðbréfaviðskipta er heimilt að fela óháðum aðilum að gefa einkunn fyrir prófúrlausn. Þá getur prófnefnd verðbréfaviðskipta skipað prófdómara til að endurskoða úrlausn próftaka. Í reglugerð[2)] skal kveða nánar á um framkvæmd prófs í verðbréfaviðskiptum, þar á meðal prófkröfur, og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild.

[1)] *L. 126/2011, 355. gr.* [2)] *Rg. 633/2003, sbr. 521/2007.*

■ **54. gr.** *Verkaskipting stjórnar og framkvæmdastjóra. Framkvæmd starfa stjórnar.*

□ Í samþykktum fjármálafyrirtækis skal kveðið á um verka-

HÉRAÐSÚTGÁFA

skiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra sem skal taka mið af ákvæðum hlutafélagalaga.

□ Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í reglum þessum skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélaga, og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna. [Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.][1)]

□ [Stjórnarformanni í fjármálafyrirtæki er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 41. gr.*

■ **55. gr.** *Þátttaka stjórnarmanna í meðferð mála.*

□ Stjórn fjármálafyrirtækis skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð fyrirtækisins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

□ Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar:

1. viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða

2. viðskipti samkeppnisaðila þeirra aðila sem ræðir um í 1. tölul.

Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

□ Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn fjármálafyrirtækis, eða stjórnarformann félags, til samþykktar eða synjunar. Stjórn fjármálafyrirtækis er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem fyrir fram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi, og þurfi ekki, sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur, sbr. 54. gr.

■ **56. gr.** *Þátttaka starfsmanna í atvinnurekstri.*

□ Framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Stjórn fyrirtækis getur veitt heimild til slíks á grundvelli reglna sem hún setur og Fjármálaeftirlitið staðfestir. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Um stjórnarsetu framkvæmdastjóra í dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfélagi fjármálafyrirtækisins, og um heimildir annarra starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri, fer samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum 54. gr.

■ **57. gr.** *Viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki.*

□ [Stjórn fjármálafyrirtækis skal setja reglur, sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu, um viðskipti þess við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn. Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá sem eru í nánum tengslum við framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

□ Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess fer samkvæmt reglum sem stjórn fjármálafyrirtækis setur og birtar skulu opinberlega. Skulu þau, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 42. gr.*

■ [**57. gr. a.** *Kaupaukakerfi.*

□ Að teknu tilliti til heildarafkomu fjármálafyrirtækis yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar, er fjármálafyrirtæki heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur[1)] sem Fjármálaeftirlitið setur. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári eftir því sem reikningsskilareglur heimila og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.][2)]

[1)] *Rg. 700/2011.* [2)] *L. 75/2010, 43. gr., sbr. einnig brbákv. III í s.l.*

■ [**57. gr. b.** *Starfslokasamningur.*

□ Fjármálafyrirtæki er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma hans. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanns annars vegar og fjármálafyrirtækis hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

□ Hafi hagnaður verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við þá sem tilgreindir eru í 1. mgr. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Um starfslokasamning sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara en ekki komið til framkvæmda gilda ákvæði greinar þessarar.

□ Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga. Sérstaklega skal gera grein fyrir slíkum samningum í skýringum með ársreikningi.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 43. gr.*

■ **58. gr.** *Þagnarskylda.*

□ Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

□ Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

■ **59. gr.** *Undanþága frá þagnarskyldu vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.*

□ Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. er heimilt að miðla upplýsingum til móðurfélags fjármálafyrirtækis ef móðurfélagið er einnig fjármálafyrirtæki í skilningi laga þessara eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, sbr. 4. mgr. 97. gr. Slík upplýsingamiðlun má þó aðeins eiga sér stað að því marki sem nauðsynlegt er vegna áhættustýringar og má ekki ná til einkamálefna einstakra viðskiptamanna. Sama gildir um miðlun upplýsinga vegna eftirlits á samstæðugrunni.

□ Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um heimila upplýsingamiðlun skv. 1. mgr.

■ **60. gr.** *Samþykki viðskiptamanns til miðlunar trúnaðarupplýsinga.*

□ Heimilt er að miðla til utanaðkomandi aðila þeim upplýsingum um viðskiptamenn sem um getur í 58. gr. að fengnu

ÓFFICIAL TRANSLATION

skriflegu samþykki þess er í hlut á. Í samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga það tekur, til hvaða aðila er heimilt að miðla upplýsingum á grundvelli þess og í hvaða tilgangi upplýsingunum er miðlað.

VIII. kafli. Sparisjóðir.

■ **61. gr.** [*Skilgreining.*

□ Sparisjóður er sjálfseignarstofnun sem starfar sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum þessum. Honum er skylt að nota heitið „sparisjóður“ í firmanafni sínu og skilgreina í samþykktum sínum samfélagslegt hlutverk sitt. Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu vera a.m.k. 30. Ákvæði um lágmarksfjölda stofnfjáreigenda gildir þó ekki um sparisjóð sem er dótturfélag annars sparisjóðs eða að meiri hluta í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga eða ríkissjóðs.

□ Stofnfjáreigendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt og eiga ekki hlutdeild í öðru eigin fé sparisjóðs en bókfærðu stofnfé eins og það er á hverjum tíma. Þeir eiga rétt á greiðslu arðs af stofnfé sínu í samræmi við reglur 68. gr.

□ Að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum skal beita ákvæðum laga um hlutafélög, nr. 2/1995, um sparisjóði, eftir því sem við getur átt. Ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur eiga ekki við um sparisjóði.][1)]

[1)] *L. 76/2009, 4. gr.*

■ **62. gr.** [*Stofnun. Stjórn.*

□ Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
2. heimili sparisjóðs, varnarþing,
3. heildarupphæð stofnfjár, skipting í stofnfjárhluti,
4. kosning sparisjóðsstjórnar, störf hennar,
5. helstu áherslur sparisjóðs varðandi samfélagslegt hlutverk hans,
6. breytingar á samþykktum,
7. slit á sparisjóði, ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

□ Fundur stofnfjáreigenda er æðsta vald í málefnum sparisjóðsins og kýs honum stjórn. Stjórn ræður sparisjóðsstjóra sem er framkvæmdastjóri sparisjóðsins og ber ábyrgð á daglegum rekstri hans.][1)]

[1)] *L. 76/2009, 5. gr.*

■ **63. gr.** [*Stofnfjárbréf.*

□ Sparisjóðsstjórn gefur út stofnfjárbréf til þeirra sem skráðir eru fyrir stofnfjárhlutum. Stofnfjárbréf má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur.

□ Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og tilgreina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

□ Stjórn sparisjóðsins skal færa skrá yfir stofnfjáreigendur og skal hún aðgengileg öllum. Sparisjóðsstjórn skal uppfæra skrána þegar breytingar verða á eignarhaldi stofnfjárbréfa.][1)]

[1)] *L. 76/2009, 6. gr.*

■ **64. gr.** . . . [1)]

[1)] *L. 76/2009, 7. gr.*

■ **65. gr.** . . . [1)]

[1)] *L. 76/2009, 7. gr.*

■ **66. gr.** [*Útgáfa og viðskipti með stofnfjárhluti.*

□ Fundur stofnfjáreigenda getur samþykkt aukningu stofnfjár í viðkomandi sparisjóði með útgáfu nýrra stofnfjárhluta. Til þess að heimilt sé að fjalla um aukningu stofnfjár á aðalfundi eða sérstökum fundi stofnfjáreigenda skal hafa verið boðað til fundarins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal gera grein fyrir tillögu stjórnar um útgáfu nýrra stofnfjárhluta, þ.m.t. um heildarfjölda hluta, nafnverð hluta og útboðsgengi, greiðslukjör, ef einhver eru, áskriftartíma og áskriftarrétt. Lágmarksverð nýrra stofnfjárhluta skal vera jafnhátt og nafnverð stofnfjárhluta í viðkomandi sparisjóði.

□ Í samþykktum sparisjóðs er heimilt að kveða á um forgangsrétt stofnfjáreigenda að aukningu.

□ Framsal og önnur ráðstöfun stofnfjárhlutar í sparisjóði er heimil án takmarkana, sbr. þó ákvæði VI. kafla. Sparisjóðir skulu setja sér reglur um viðskipti með stofnfé sem samþykktar skulu af Fjármálaeftirlitinu. Því er heimilt að gefa út leiðbeinandi tilmæli um slík viðskipti.

□ Nýr stofnfjáreigandi öðlast réttindi samkvæmt stofnfjárbréfinu þegar eigandabreyting hefur verið skráð skv. 3. mgr. 63. gr.

□ Ef sparisjóður hefur gefið út nýtt stofnfé og hafi verið greitt meira en nafnverð fyrir útgáfuna skal fé það sem greitt var umfram nafnverð fært á yfirverðsreikning stofnfjár að frádregnum kostnaði sparisjóðsins af útgáfunni. Hann telst með óráðstöfuðu eigin fé sparisjóðs.][1)]

[1)] *L. 76/2009, 8. gr.*

■ **67. gr.** [*Lækkun stofnfjár.*

□ Að tillögu stjórnar sparisjóðs getur fundur stofnfjáreigenda tekið ákvörðun um lækkun stofnfjár til jöfnunar taps sem ekki verður jafnað á annan hátt. Til þess að heimilt sé að fjalla um lækkun stofnfjár á fundi stofnfjáreigenda skal hafa verið boðað til fundarins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal gera grein fyrir tillögu um lækkun stofnfjár. Fyrir slíkri ákvörðun þarf samþykki tveggja þriðju hluta atkvæða sem mætt er fyrir á fundi stofnfjáreigenda. Í fundarboði skal greina frá ástæðum fyrir lækkuninni og hvernig hún á að fara fram. Fjármálaeftirlitinu skal tilkynnt fyrir fram um fyrirhugaða lækkun stofnfjár.

□ Ákvörðun fundar stofnfjáreigenda um lækkun skv. 1. mgr. tekur gildi þegar Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt hana.

□ Ekki þarf að innkalla kröfur vegna lækkunar stofnfjár samkvæmt þessari grein.][1)]

[1)] *L. 76/2009, 9. gr.*

■ **68. gr.** [*Ráðstöfun hagnaðar.*

□ Aðalfundur sparisjóðs getur heimilað stjórn sparisjóðs að ráðstafa allt að 50% hagnaðar hans til hækkunar á nafnverði stofnfjár og arðgreiðslu til stofnfjáreigenda. Með hagnaði samkvæmt þessari grein er átt við hagnað eftir skatta samkvæmt samþykktum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár. Aðalfundur má ekki ákveða að úthluta meiri arði en stjórn sparisjóðs leggur til eða samþykkir.

□ Heimild til ráðstöfunar hagnaðar skv. 1. mgr. er því aðeins fyrir hendi að um óráðstafað eigið fé sé að ræða í viðkomandi sparisjóði.][1)]

[1)] *L. 76/2009, 10. gr.*

■ **69. gr.** [*Samstarf sparisjóða.*

□ Sparisjóðum er heimilt að hafa samstarf meðal annars um eftirfarandi verkefni, enda sé slíkt gert á almennum viðskiptalegum forsendum:

a. ráðgjöf um áhættustýringu,

ELDRI ÚTGÁFA

b. rekstur upplýsingakerfa,
c. öryggiseftirlit,
d. starfsemi innri endurskoðunardeilda,
e. bakvinnsla, bókhald, greining og skýrslugerð til eftirlitsstofnana,
f. lögfræðiráðgjöf, samningar og samskipti við birgja,
g. vöruþróun og markaðssamstarf um sameiginleg vörumerki,
h. fræðsla og upplýsingagjöf,
i. innlend og erlend greiðslumiðlun og þjónusta við erlend viðskipti.

□ Í þeim tilfellum að fleiri en einn sparisjóður hafa falið einum og sama aðila verkefni skv. 1. mgr. skulu gerðir samningar á milli hvers einstaks sparisjóðs og þess sem veitir þjónustuna. Slíkir samningar víkja ekki til hliðar skyldum þeim sem hver einstakur sparisjóður ber gagnvart lögum og reglum, eftirlitsaðilum, stofnfjáreigendum eða öðrum.

□ Rísi ágreiningur um hvort starfsemi falli undir 1. mgr. sker Samkeppniseftirlitið úr.][1)]

[1)] *L. 76/2009, 11. gr.*

■ **70.–76. gr.** . . . [1)]

[1)] *L. 76/2009, 12. gr.*

■ **77. gr.** . . . [1)]

[1)] *L. 75/2010, 44. gr.*

IX. kafli. Rafeyrisfyrirtæki.

■ **78. gr.** *Rafeyrir.*

□ Með rafeyri er átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda sem er geymd í rafrænum miðli, gefin út í skiptum fyrir fjárhæð sem er ekki lægri en þau peningalegu verðmæti sem eru gefin út og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

■ **79. gr.** *Endurgreiðanleiki rafeyris.*

□ Viðtaka fjár í skiptum fyrir rafeyri telst ekki innlán eða annað endurgreiðanlegt fé ef fénu, sem tekið er við, er strax skipt í rafeyri.

□ Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds en þess sem er nauðsynlegt til að framkvæma þá aðgerð.

□ Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

□ Í samningum skv. 3. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en sem samsvarar 500 krónum.

■ **80. gr.** *Eiginfjárkröfur.*

□ Eigið fé rafeyrisfyrirtækis skal, þrátt fyrir ákvæði 84. gr., ávallt vera að lágmarki 2% af þeirri fjárhæð sem hærri er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. meðalfjárskuldbindingum næstliðinna sex mánaða vegna útistandandi rafeyris.

□ Hafi rafeyrisfyrirtæki ekki starfað í sex mánuði skal eigið fé þess vera að minnsta kosti 2% af því sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar hennar vegna útistandandi rafeyris. Heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar viðkomandi fyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal koma fram í viðskiptaáætlun fyrirtækisins með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem Fjármálaeftirlitið kann að hafa óskað eftir.

□ Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

■ **81. gr.** *Takmörkun fjárfestinga.*

□ Fjárfestingar rafeyrisfyrirtækis skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þess vegna útistandandi rafeyris. Rafeyrisfyrirtæki er aðeins heimilt að fjárfesta í auðseljanlegum eignum eða kröfum samkvæmt reglum[1)] sem Fjármálaeftirlitið setur um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja. Í reglunum skal m.a. koma fram hvaða eignum og kröfum rafeyrisfyrirtæki getur fjárfest í, mat á verðmæti eigna, takmarkanir á markaðsáhættu og hámark fjárfestinga.

□ Ef verðgildi eigna eða krafna skv. 1. mgr. fer niður fyrir fjárhæð skuldbindinga rafeyrisfyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal viðkomandi rafeyrisfyrirtæki ráða bót á því ástandi án tafar og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir ráðstöfunum sínum í því skyni.

□ Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

□ Rafeyrisfyrirtæki má ekki eiga hlut í öðrum fyrirtækjum nema þau annist rekstrarþætti sem tengjast rafeyri sem viðkomandi rafeyrisfyrirtæki gefur út eða dreifir.

[1)] *Rg. 671/2002.*

■ **82. gr.** *Takmarkanir á gildissviði.*

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að undanþiggja rafeyrisfyrirtæki frá einstökum eða öllum ákvæðum laga þessara ef að hámarki er unnt að geyma 6.000 krónur á hinum rafræna miðli og einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. rafeyrir, sem fyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá dótturfyrirtækjum fyrirtækisins, hjá móðurfyrirtæki fyrirtækisins eða hjá öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins eða
2. rafeyrir, sem rafeyrisfyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem augljóslega má afmarka þar sem þau eru staðsett á sama athafnasvæði eða öðru afmörkuðu svæði á athafnasvæði rafeyrisfyrirtækis eða þau eru í nánum fjárhagslegum eða viðskiptalegum tengslum.

□ Rafeyrisfyrirtæki sem fellur undir 1. mgr. skal árlega skila skýrslu um starfsemi sína til Fjármálaeftirlitsins eftir nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur þar sem fram skulu m.a. koma upplýsingar um heildarfjárhæð skuldbindinga vegna óinnleysts rafeyris. Skýrslan skal hafa borist fyrir 1. apríl ár hvert.

X. kafli. Laust fé og eigið fé.

■ **83. gr.** *Laust fé.*

□ Fjármálafyrirtæki skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis fylgja.

■ **84. gr.** *Skilgreining eigin fjár.*

□ [Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. skal á hverjum tíma nema að lágmarki 8% af áhættugrunni. Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu reglulega leggja mat á eiginfjárþörf fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess og skal niðurstaða slíks mats, sem ekki getur verið lægra en skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar, teljast hlutfall eiginfjárgrunns af áhættugrunni. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að fjármálafyrirtæki sem

ekki uppfyllir ákvæði [laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim][1] grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta. Til að fylgja eftir kröfum Fjármálaeftirlitsins er því heimilt að mæla fyrir um:

a. hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni,

b. endurbætur á innri ferlum,

c. niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni,

d. hömlur á eða takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis,

e. að dregið sé úr áhættum sem starfsemi fjármálafyrirtækis felur í sér.

□ Áhættugrunnur er samtala veginna áhættuþátta, svo sem útlánaáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu, hrávöruáhættu og rekstraráhættu, sem starfsemi fjármálafyrirtækis felur í sér. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur[2] um áhættuþætti, áhættuvogir og útreikning á áhættugrunni. Undanþegin mati á rekstraráhættu samkvæmt þessari grein eru verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa starfsheimildir [skv. c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr., verðbréfamiðlanir][3] og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Fjármálafyrirtækjum er heimilt að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að beita innramatsaðferð við mat á áhættuþáttum í útreikningi á áhættugrunni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um kröfur sem fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla til að fá heimild til að beita innramatsaðferð.

□ Eiginfjárgrunnur skv. 1. mgr. skal einnig gilda um samstæðureikning. Fjármálaeftirlitið setur reglur[4] um útreikning á eiginfjárgrunni og áhættugrunni fyrir fjármálasamsteypur sem byggjast á tilskipun ráðsins 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu.

□ Eiginfjárgrunnur skv. 1. mgr. skal samsettur af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, og frádráttarliðum skv. 85. gr. Séu eiginfjárliðir byggðir á [ársuppgjöri eða][5] árshlutauppgjöri skal það vera áritað sem endurskoðað eða kannað af endurskoðanda. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:

1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eiginfjárgrunns fyrir frádrátt skv. 85. gr.

2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni vegna markaðsáhættu liða í veltubók skv. 28. gr. og gengisáhættu.][6]

□ [Eiginfjárþáttur A telst vera innborgað hlutafé, innborgað stofnfé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, yfirverðsreikningur stofnfjár, endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum og óráðstafað eigið fé en að frádregnu bókfærðu virði eigin hlutabréfa eða stofnfjárbréfa, viðskiptavild, reiknaðri skattinneign og öðrum óefnislegum eignum, svo og tapi og samþykktri arðsúthlutun. Enn fremur skal taka tillit til hlutdeildar minni hluta í eigin fé dótturfélaga samkvæmt samstæðureikningsskilum. Leiði núvirðing skuldbindinga til myndunar eigin fjár skal draga það eigið fé frá eiginfjárþætti A. [Eiginfjárliðir teljast aðeins til eiginfjárþáttar A ef unnt er að færa þá niður til að mæta rekstrartapi fjármálafyrirtækja í áframhaldandi rekstri. Við gjaldþrot eða slit skal greiða innborgað hlutafé og yfirverðsreikning hlutafjár á eftir öllum öðrum kröfum.][5]][1]

□ Eiginfjárþáttur B telst vera samtala 1. og 2. tölul.:

1. Víkjandi lán sem fjármálafyrirtæki taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár eða hlutfallslega fyrir hluta úr ári sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt. Eingöngu er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.

2. Endurmatsreikningur samkvæmt kostnaðarverðsreikningsskilum.

□ Eiginfjárþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem fjármálafyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. [Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárkrafa hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis er undir lágmarkskröfu skv. 1. mgr. eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárkrafan fer undir tilvitnað lágmark. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni fer niður fyrir mark sem er 2% stigum hærra en lágmarkið skv. 1. mgr.][6] Fjármálaeftirlitið getur heimilað einstökum fjármálafyrirtækjum að til eiginfjárþáttar C teljist hagnaður af veltubókarviðskiptum á tímabilinu að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárþætti A.

□ Heimilt er að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lántaki þess, enda liggi fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins og slík endurgreiðsla hafi ekki óviðunandi áhrif á eiginfjárstöðu að mati þess.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1.–7. mgr. skal [eiginfjárgrunnur][6] verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Fjármálaeftirlitið getur heimilað undanþágu frá þessari kröfu ef grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi félagsins milli ára. Á fyrsta starfsári verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs skal [eiginfjárgrunnur][6] þess ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstraráætlun starfsársins. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að gerð sé breyting á rekstraráætluninni ef það telur að hún gefi ekki rétta mynd af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða í reglum[7] að aðrir liðir en greindir eru í 5.–7. mgr. teljist með [eiginfjárgrunni][6] fjármálafyrirtækis.

□ [Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða í reglum að aðrir liðir en þeir sem eru taldir í 5. mgr. dragist frá eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis.][1]

□ [Fjármálafyrirtæki skal upplýsa opinberlega um áhættur, áhættustýringu og eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um slíka upplýsingagjöf.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis til viðskiptamanns um lánshæf-

HTTPS://LAGA.IS

ismat hans þegar ákvörðun um lánveitingu er á því byggð og lánshæfismatið jafnframt notað við mat á lánaáhættu í útreikningi á áhættugrunni samkvæmt innramatsaðferð.][6]

[1] *L. 75/2010, 45. gr.* [2] *Rgl. 215/2007, sbr. rgl. 1167/2008 og rgl. 378/2011.* [3] *L. 111/2007, 10. gr.* [4] *Rgl. 920/2008.* [5] *L. 119/2011, 6. gr.* [6] *L. 170/2006, 6. gr., sbr. einnig brbákv. I s.l.* [7] *Rgl. 156/2005.*

■ **85. gr.** *Frádráttur frá eigin fé.*

□ [Frá eiginfjárgrunni skv. 4. mgr. 84. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi kröfum [í öðrum fjármálafyrirtækjum, fyrirtækjum tengdum fjármálasviði eða greiðslustofnunum].[1] . . . [2]][3]

□ [Þegar fjárfesting í hlutum í öðru fjármálafyrirtæki, fyrirtæki tengdu fjármálasviði, vátryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði . . . [2] 1. mgr.

□ Eignarhlutir og víkjandi kröfur [í öðrum fjármálafyrirtækjum, fyrirtækjum tengdum fjármálasviði eða greiðslustofnunum],[1] sbr. 1. mgr., eða í vátryggingafélögum eða eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, sbr. 4. mgr., sem reiknast með í samstæðureikningi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða við beitingu ákvæða um eftirlit með fjármálasamsteypum, dragast ekki frá [eiginfjárgrunni][3] hlutaðeigandi fyrirtækis.

□ Eignarhlutir og víkjandi kröfur í vátryggingafélögum og eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, svo og liðir sem taldir eru upp í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 60/1994 og fjármálafyrirtækið á í krafti hlutdeildar í fyrrgreindum félögum, dragast frá [eiginfjárgrunni skv. 84. gr.][3] Frádrátturinn sem tengist eignarhlutum í vátryggingafélögum takmarkast þó við þá fjárhæð sem samsvarar hlutdeild í lágmarksgjaldþoli viðkomandi vátryggingafélags. Þegar um er að ræða fjármálasamsteypur gilda þó ákvæði 3. mgr. 84. gr. um útreikning á eiginfjárhlutfalli.][4]

□ Frá [eiginfjárgrunni skv. 84. gr. dragast][3] eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 28. gr.

□ [Frá eiginfjárgrunni skv. 84. gr. dregst neikvæður mismunur á reikningsskilalegri niðurstöðu og niðurstöðu samkvæmt innramatsaðferð, sbr. 2. mgr. 84. gr., á væntu tapi á eignum og skuldbindingum, öðrum en verðbréfuðum stöðum.

□ Frá eiginfjárgrunni skv. 84. gr. dregst enn fremur sá hluti af verðbréfuðum stöðum sem er metinn með 1.250% áhættuvog í útreikningi áhættugrunns.

□ Samtala frádráttarliða samkvæmt þessari grein skal að 50% hluta dragast frá niðurstöðu útreiknings á eiginfjárþætti A skv. 84. gr. og að 50% hluta frá niðurstöðu útreiknings á eiginfjárþætti B skv. 84. gr. Fari frádráttur skv. 1. málsl. umfram fjárhæð eiginfjárþáttar B skal umframfjárhæðin dragast frá eiginfjárþætti A.][3]

[1] *L. 120/2011, 81. gr.* [2] *L. 75/2010, 46. gr.* [3] *L. 170/2006, 7. gr.* [4] *L. 130/2004, 7. gr.*

■ **86. gr.** *Upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár.*

□ Hafi stjórn eða framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis ástæðu til að ætla að [eiginfjárgrunnur][1] þess sé undir lögbundnu lágmarki ber þeim þegar í stað að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi fyrirtækis hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur þess hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

□ Er Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að [eiginfjárgrunnur][1] fjármálafyrirtækis sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 84. gr. skal það krefja stjórn fyrirtækisins þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að slíkt reikningsuppgjör sé áritað af endurskoðanda.

□ Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að [eiginfjárgrunnur][1] fjármálafyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 84. gr. skal stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjáreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Greinargerð þessi skal afhent innan frests sem Fjármálaeftirlitið tiltekur.

□ Þegar Fjármálaeftirlitinu hafa borist gögn skv. 3. mgr. er því heimilt að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka [eiginfjárgrunn][1] að lágmarki skv. 84. gr. Séu til þess ríkar ástæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Berist greinargerð skv. 3. mgr. ekki innan tilskilins frests, séu úrræði samkvæmt greinargerðinni ekki fullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins eða líði frestur samkvæmt þessari málsgrein skal afturkalla starfsleyfi, sbr. 9. gr.

[1] *L. 170/2006, 8. gr.*

XI. kafli. Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.

■ **87. gr.** *Samning ársreiknings og undirritun.*

□ Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár fjármálafyrirtækja er almanaksárið.

□ Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjórum fjármálafyrirtækja. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

□ [Í ársreikningi skal tilgreina upplýsingar um launagreiðslur og hvers konar greiðslur eða hlunnindi félagsins til hvers og eins stjórnarmanns og framkvæmdastjóra. Jafnframt skal í ársreikningi tilgreina upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna auk upplýsinga um fjölda þeirra.][1]

[1] *L. 75/2010, 47. gr.*

■ **88. gr.** *Góð reikningsskilavenja.*

□ Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

□ Fjármálaeftirlitið setur reglur[1] að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

□ Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings fjármálafyrirtækis.

[1] *Rgl. 834/2003. Rgl. 97/2004, sbr. rgl. 1065/2009. Rgl. 102/2004.*

■ **89. gr.** *Skýrsla stjórnar.*

□ Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis á árinu, svo og upplýsingar um

HÉRAÐSKÓLA

atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi fyrirtækis og afkomu þess á reikningsárinu er ekki koma fram í ársreikningnum.

□ Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun fyrirtækisins og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun þess.

□ Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu og heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, framkvæmdastjóra, stjórnar og annarra í þjónustu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Sé um ágóðahlut að ræða til stjórnar eða framkvæmdastjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjáreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

□ Stjórnir skulu í skýrslu sinni gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi fyrirtækis eða jöfnun taps.

■ **90. gr.** *Endurskoðun.*

□ Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. [Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.][1)]

□ [Endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki skv. 1. mgr. skal kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrirtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur fjármálafyrirtæki vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliti endurskoðendaráðs.][1)]

□ Kjósa skal sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Í móðurfélagi skal endurskoðandi jafnframt endurskoða samstæðureikninginn.

□ [Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í fjármálafyrirtæki og er skylt að mæta á aðalfundi.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 48. gr., sbr. einnig brbákv. I í s.l.*

■ **91. gr.** *Hæfi endurskoðanda.*

□ Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður fyrirtækisins eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun.

□ Endurskoðandi má ekki vera skuldugur því fyrirtæki sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

■ **92. gr.** *Upplýsingaskylda endurskoðanda.*

□ [Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann mundi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um við framkvæmd endurskoðunarstarfa hjá fyrirtæki sem er í nánum tengslum við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki . . . [1)]

□ Tilkynning endurskoðanda skv. 1. mgr. felur ekki í sér brot gegn þagnarskyldu hvort sem hún er reist á lögum eða samningi. Skal tilkynnandi ekki sæta neins konar ábyrgð vegna tilkynningarinnar.][2)]

[1)] *L. 75/2010, 49. gr.* [2)] *L. 111/2007, 11. gr.*

■ **93. gr.** *Góð endurskoðunarvenja.*

□ Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið setur reglur[1)] um endurskoðun fjármálafyrirtækja.

□ Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um endurskoðun fjármálafyrirtækja ákvæði VII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum.

□ Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

[1)] *Rgl. 532/2003.*

■ **94. gr.** *Sérstök endurskoðun.*

□ Fjármálaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá fjármálafyrirtæki telji eftirlitið ástæðu til að ætla að endurskoðað reikningsuppgjör gefi ekki glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi fyrirtæki bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

□ Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

■ **95. gr.** *Skil og birting ársreiknings.*

□ Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

□ Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

□ Ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi fyrirtækis og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá samþykkt aðalfundar.

■ **96. gr.** *Árshlutauppgjör.*

□ Fjármálafyrirtæki skulu semja og birta árshlutauppgjör í samræmi við reglur[1)] sem Fjármálaeftirlitið setur.

□ Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

[1)] *Rgl. 834/2003.*

■ **97. gr.** *Samstæðureikningsskil.*

□ Fyrirtæki telst vera móðurfyrirtæki þegar það:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

□ Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem lýst er í 1. mgr., teljast

ÓFRÍTTÁ

vera dótturfyrirtæki. Fyrirtæki sem er dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis, telst einnig vera dótturfyrirtæki móðurfélags.

□ Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess mynda samstæðu.

□ [Með eignarhaldsfélagi á fjármálasviði er átt við fyrirtæki tengt fjármálasviði, sem ekki er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði og að minnsta kosti eitt dótturfyrirtæki er fjármálafyrirtæki.

□ Með blönduðu eignarhaldsfélagi er átt við móðurfyrirtæki, sem ekki er eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálafyrirtæki eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, þar sem að minnsta kosti eitt dótturfyrirtæki er fjármálafyrirtæki.][1)]

□ [Með blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi er átt við móðurfélag sem ekki er eftirlitsskylt en það ásamt dótturfélögum sínum, en a.m.k. eitt þeirra er eftirlitsskylt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.][1)]

□ Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

□ Við mat á atkvæðisrétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfyrirtækja þess.

□ Ákvæði 87.–92. gr. og 95.–96. gr. gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðu, þar sem móðurfyrirtæki er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar.

□ Fjármálaeftirlitið setur að höfðu samráði við reikningsskilaráð nánari reglur[2)] um gerð samstæðureikningsskila fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

□ Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um samstæðuuppgjör fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er blandað eignarhaldsfélag.

[1)] *L. 130/2004, 8. gr.* [2)] *Rgl. 834/2003.*

XII. kafli. [Endurskipulagning fjárhags, slit og samruni fjármálafyrirtækja.][1)]

[1)] *L. 130/2004, 12. gr.*

[*A. Endurskipulagning fjárhags lánastofnana.*][1)]

[1)] *L. 130/2004, 9. gr.*

■ [**98. gr.** *Endurskipulagning fjárhags.*

□ Með endurskipulagningu fjárhags lánastofnana er átt við ráðstafanir sem ætlað er að viðhalda fjárhagslegri stöðu lánastofnunar eða koma henni í eðlilegt horf og gætu haft áhrif á áður fengin réttindi þriðja aðila, þ.m.t. ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum. Sé lánastofnun með höfuðstöðvar á Íslandi er með endurskipulagningu fjárhags átt við heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

□ Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gilda um heimild lánastofnunar til að leita greiðslustöðvunar og nauðasamnings og framkvæmd slíkra ráðstafana enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

□ [Hafi fjármálafyrirtæki verið veitt heimild til greiðslustöðvunar er nægilegt að birta fundarboð skv. 2. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. með auglýsingu sem birt er í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.][1)]

□ . . . [1)]][2)]

[1)] *L. 44/2009, 3. gr. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar þeirrar greinar skal 3. mgr. 98. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 2. gr. laga nr. 129/2008, gilda áfram í upphaflegri mynd gagnvart fjármálafyrirtækjum sem njóta heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku l. 44/2009, þar á meðal um framlengingu heimildar til greiðslustöðvunar, sbr. l. 44/2009, 10. gr.* [2)] *L. 130/2004, 9. gr.*

■ [**99. gr.** *Fjárhagsleg endurskipulagning lánastofnunar með höfuðstöðvar á Íslandi og útibú í öðru EES-ríki.*

□ [Nú veitir dómstóll hér á landi lánastofnun heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðru aðildarríki.][1)]

□ Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara að íslenskum lögum, með eftirtöldum frávikum:

a. Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

b. Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

c. Réttur lánastofnunar vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

d. [Heimild til endurskipulagningar fjárhags fjármálafyrirtækis hefur ekki áhrif á eignarrétt, þar á meðal veðrétt, lánardrottna eða annarra yfir eignum sem staðsettar eru í öðru aðildarríki. Hið sama gildir um réttinn til að ráðstafa veðsettri eign, hvort heldur með framsali eða öðrum hætti, og réttinn til að taka við arði af eigninni. Skal litið svo á að réttindi sem skráð eru í opinbera skrá og njóta réttarverndar gagnvart þriðja manni teljist til eignarréttar í skilningi ákvæðisins.][2)]

e. Hafi lánastofnun keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur heimild lánastofnunar til endurskipulagningar fjárhags ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggist á fyrirvaranum, enda sé eignin í öðru aðildarríki.

f. Hafi lánastofnun selt eign skal heimild til endurskipulagningar fjárhags ekki hafa áhrif á réttindi kaupanda, enda sé eignin í öðru aðildarríki og afhending hafi farið fram þegar heimild er veitt.

g. Um lögmæti ráðstöfunar lánastofnunar á fasteign, skipi eða flugvél sem háð er opinberri skráningu, svo og framseljanlegum verðbréfum eða öðrum verðbréfum sem skráð eru í verðbréfamiðstöð, fer eftir lögum þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram.

h. Um réttaráhrif úrskurðar um endurskipulagningu fjárhags á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem lánastofnun hefur látið af hendi [sem hafin var fyrir uppkvaðningu úrskurðar um endurskipulagningu fjárhags][3)] fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

i. Um fullnustu eignarréttinda, þ.m.t. veðréttinda yfir fjármálagerningum, sem eru rafrænt skráð fer eftir lögum þess ríkis þar sem skráningin fer fram.

j. Samningur um skuldajöfnuð fer eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gilda.

k. Endurkaupasamningur fer eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gilda, sbr. þó ákvæði i-liðar.

l. Viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði skulu fara eftir lögum þess ríkis sem gilda um samninginn um þau viðskipti, sbr. þó ákvæði i-liðar.

m. Um greiðslu- og uppgjörsfyrirmæli í greiðslu- og uppgjörskerfum fer eftir lögum þess ríkis sem gilda um viðkomandi kerfi.

n. Þrátt fyrir ákvæði d- og e-liðar er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda

ÚTGÁFA

gerninga, nr. 7/1936, um ógilda löggerninga, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt. [Löggerningur verður þó ekki ógiltur ef sá sem hag hefur af því að slíkur löggerningur haldi gildi sínu leggur fram fullnægjandi sönnun um að um löggerninginn eigi að gilda lög annars ríkis og að þar sé ekki að finna ógildingarreglu sem tekur til þess tilviks sem um ræðir.][2)]

□ Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna beiðni lánastofnunar um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Fjármálaeftirlitið skal koma upplýsingum um beiðnina og ákvörðun um hana til lögbærra yfirvalda og kröfuhafa lánastofnunarinnar í viðkomandi ríkjum í samræmi við reglur[4)] sem ráðherra setur.

□ Lögboðnar tilkynningar til þekktra erlendra kröfuhafa lánastofnunar í tengslum við greiðslustöðvun eða nauðasamninga skulu vera í samræmi við reglur[4)] sem ráðherra setur.][5)]

[1)] *L. 108/2006, 80. gr.* [2)] *L. 78/2011, 1. gr.* [3)] *L. 32/2011, 1. gr.* [4)] *Rg. 872/2006, sbr. 1049/2008.* [5)] *L. 130/2004, 9. gr.*

■ [**100. gr.** *Fjárhagsleg endurskipulagning lánastofnunar með höfuðstöðvar erlendis en útibú á Íslandi.*

□ [Útibúi sem starfrækt er hérlendis af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki verður ekki veitt sjálfkrafa heimild til endurskipulagningar fjárhags hér á landi. Nú tekur lögbært yfirvald í öðru aðildarríki ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar sem hefur starfsleyfi og staðfestu í því ríki og tekur þá ákvörðunin sjálfkrafa til útibúa sem lánastofnunin starfrækir hér á landi.][1)]

□ [Nú er talin þörf á endurskipulagningu fjárhags íslensks útibús lánastofnunar með staðfestu í öðru aðildarríki og skal þá tilkynna slíkt til Fjármálaeftirlitsins.][1)] Fjármálaeftirlitið skal koma tilkynningu á framfæri við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis.

□ Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara að lögum heimaríkisins með þeim takmörkunum er greinir í 2. mgr. 99. gr.

□ Nú er sett fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða um heimild til að leita nauðasamninga á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. vegna útibús sem lánastofnun, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, starfrækir hér á landi. Skal héraðsdómari þá gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um beiðnina. Ef viðkomandi lánastofnun starfrækir útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu skal Fjármálaeftirlitið tilkynna eftirlitsstjórnvöldum í þeim ríkjum um beiðnina. Dómstólar skulu leitast við að samræma aðgerðir með yfirvöldum annarra gistiríkja.][2)]

[1)] *L. 108/2006, 81. gr.* [2)] *L. 130/2004, 9. gr.*

■ [**100. gr. a.** [*Afhending fjármálafyrirtækis til bráðabirgðastjórnar.*

□ Eigi fjármálafyrirtæki í þeim fjárhags- eða rekstrarerfiðleikum að líkur séu til að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár getur stjórn þess upp á sitt eindæmi leitað eftir því við Fjármálaeftirlitið að það taki við ráðum yfir fyrirtækinu. Fjármálaeftirlitið skal án tafar taka afstöðu til slíkrar beiðni. Taki Fjármálaeftirlitið beiðnina til greina fellur úr gildi umboð stjórnar fjármálafyrirtækisins og verður jafnframt óvirkur réttur hluthafa eða stofnfjáreigenda til að taka ákvarðanir um málefni þess á grundvelli eignarhluta sinna. Um leið skal Fjármálaeftirlitið skipa fjármálafyrirtækinu bráðabirgðastjórn þriggja eða fimm manna sem fer ein með sömu heimildir að lögum og eftir samþykktum þess og stjórn og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda hefði ella haft á hendi, sbr. þó 4. tölul. 2. mgr. 101. gr.

□ Bráðabirgðastjórn skal svo fljótt sem verða má gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fá yfirsýn yfir fjárhag fjármálafyrirtækisins. Á meðan hún ræður yfir fyrirtækinu gilda sömu takmarkanir á heimildum til að beita fullnustugerðum og öðrum þvingunarúrræðum gagnvart því og ef það hefði fengið heimild til greiðslustöðvunar. Skal bráðabirgðastjórn því aðeins gera ráðstafanir um meiri háttar hagsmuni fyrirtækisins að brýna nauðsyn beri til.

□ Yfirráðum bráðabirgðastjórnar yfir fjármálafyrirtæki lýkur sjálfkrafa þegar liðnir eru þrír mánuðir frá skipun hennar nema:

1. bráðabirgðastjórn hafi þegar lagt fyrir héraðsdóm kröfu um að fyrirtækið verði tekið til slita skv. 3. tölul. 2. mgr. 101. gr., en hafi það verið gert stendur umboð hennar þar til afstaða hefur endanlega verið tekin til kröfunnar,

2. fyrirtækinu hafi verið veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, en umboð bráðabirgðastjórnar stendur þá þar til einn mánuður er liðinn frá því að þeirri heimild lýkur, eða

3. bráðabirgðastjórn hafi áður með samþykki Fjármálaeftirlitsins haldið hluthafafund eða fund stofnfjáreigenda og fyrirtækinu þar verið kjörin ný stjórn til að leysa hana af hólmi.

□ Ljúki yfirráðum bráðabirgðastjórnar yfir fjármálafyrirtæki sjálfkrafa með því að starfstími hennar er á enda án þess að það hafi verið tekið til slita skal starfsleyfi þess afturkallað þá þegar hafi því ekki áður verið kjörin ný stjórn skv. 3. tölul. 3. mgr.][1)][2)]

[1)] *L. 44/2009, 4. gr. Hafi Fjármálaeftirlitið fyrir gildistöku l. 44/2009 skipað fjármálafyrirtæki skilanefnd á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008 og hún er enn að störfum, en fyrirtækið hefur ekki fengið heimild til greiðslustöðvunar, skal skilanefndin upp frá því sjálfkrafa verða bráðabirgðastjórn fyrirtækisins í skilningi 100. gr. a, sbr. l. 44/2009, brbákv. I.* [2)] *L. 125/2008, 5. gr.*

[***B.***][1)] ***Slit.***

[1)] *L. 130/2004, 9. gr.*

■ [**101. gr.**][1)] [*Skilyrði og upphaf slitameðferðar.*

□ Bú fjármálafyrirtækis verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

□ Fjármálafyrirtæki skal tekið til slita:

1. eftir kröfu Fjármálaeftirlitsins hafi það afturkallað starfsleyfi fyrirtækisins eða synjað því um frest skv. 4. mgr. 86. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækið hafi aukið eigið fé sitt fram yfir það lágmark sem mælt er fyrir um í 84. gr.,

2. eftir kröfu Fjármálaeftirlitsins, stjórnar fyrirtækisins eða bráðabirgðastjórnar ef skylt er að slíta því samkvæmt samþykktum þess,

3. eftir kröfu stjórnar fyrirtækisins eða bráðabirgðastjórnar ef það getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar þess muni líða hjá innan skamms tíma,

4. eftir kröfu stjórnar fyrirtækisins og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins ef ákveðið hefur verið að slíta því á hluthafafundi eða fundi stofnfjáreigenda, enda hafi tillaga um slit verið samþykkt þar með minnst $^{2}/_{3}$ hlutum greiddra atkvæða og af hluthöfum eða stofnfjáreigendum sem ráða yfir minnst $^{2}/_{3}$ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið var með atkvæði fyrir á fundi.

□ Kröfu um slit fjármálafyrirtækis skal beint til héraðsdóms í því umdæmi þar sem það yrði sótt í einkamáli á heimilis-

HÁDEGISÚTGÁFA

varnarþingi sínu. Krafan skal gerð úr garði og með hana farið fyrir dómi eins og kröfu um gjaldþrotaskipti.

□ Þegar dómsúrlausn hefur gengið um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita skipar héraðsdómari því slitastjórn sem í skulu sitja allt að fimm menn. Við skipun hennar tekur hún við þeim réttindum og skyldum sem stjórn fyrirtækisins og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda höfðu á hendi, sbr. þó 3. mgr. 103. gr. Að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um slitastjórn, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni. [Þeir menn sem eiga sæti í slitastjórn eða bráðabirgðastjórn skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr.][2)]

□ Við slit fjármálafyrirtækis skal frestdagur ákveðinn eftir sömu reglum og gilda við gjaldþrotaskipti, en þó þannig að hann getur jafnframt ráðist af þeim degi sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt fyrirtækinu frest skv. 4. mgr. 86. gr. eða skipað því bráðabirgðastjórn skv. 100. gr. a eða ella af því að héraðsdómi berst krafa um slit skv. 2. mgr. ef ekkert hefur áður gerst til að marka frestdag.][3)]

[1)] *L. 130/2004, 9. gr.* [2)] *L. 78/2011, 2. gr.* [3)] *L. 44/2009, 5. gr. Þrátt fyrir 5. mgr. ákvæðisins skal frestdagur við slitameðferð á fjármálafyrirtæki ráðast af 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 129/2008 þegar það getur átt við, sbr. l. 44/2009, brbákv. III.*

■ [**101. gr. a.** *Sérstakt eftirlit Fjármálaeftirlitsins.*

□ Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækis sem er stýrt af slitastjórn, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi eða takmarkað starfsleyfi eða hvort starfsleyfi þess hefur verið afturkallað. Dótturfélag fjármálafyrirtækis í slitameðferð sem heldur utan um eignir þess skal jafnframt heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið nær meðal annars til viðskiptahátta þess sem felur meðal annars í sér að framganga þess gagnvart viðskiptavinum skal vera í samræmi við það sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi.

□ Viðskipti og ráðstöfun eigna fjármálafyrirtækis sem stýrt er af slitastjórn eða viðskipti slitastjórnar við einstaka aðila sem sitja í slitastjórn, eða aðila í nánum tengslum við slíkan aðila, skulu fara að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Fjármálaeftirlitið skal, að eigin frumkvæði eða á grundvelli ábendinga kröfuhafa, hafa eftirlit með slíkum viðskiptum.

□ Neitun á kröfu Fjármálaeftirlitsins um afhendingu gagna getur varðað brottrekstri úr slitastjórn. Hið sama á við fullnægi maður sem sæti á í slitastjórn ekki almennum hæfisskilyrðum sem um hann gilda. Fjármálaeftirlitið skal bera slíka kröfu undir héraðsdóm sem skal taka málið til úrskurðar þegar í stað.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beina kröfu til héraðsdóms um að víkja skuli slitastjórn frá í heild eða að hluta í þeim tilvikum þegar viðkomandi slitastjórn telst ekki hafa unnið störf sín í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar eða eftir atvikum samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Héraðsdómur skal taka málið til úrskurðar þegar í stað.

□ Ákvæði greinar þessarar eiga við um rekstur fjármálafyrirtækis sem er stýrt af bráðabirgðastjórn eða skilanefnd eftir því sem við á.][1)]

[1)] *L. 78/2011, 3. gr.*

■ [**102. gr.**][1)] [*Meðferð krafna o.fl.*

□ Við slit fjármálafyrirtækis gilda sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga þess og kröfur á hendur því að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að það sé tekið til slita leiðir ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga. [Við slit fjármálafyrirtækis gilda reglur 74. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., meðal annars um að sá sem hvorki vissi né mátti vita um slitin getur unnið rétt á hendur fjármálafyrirtækinu vegna ráðstafana fram til þess að tilkynning er birt um slitin. Skal þá litið svo á að þeim sem í hlut á hafi ekki verið kunnugt um að slit hafi verið hafin, ef slík tilkynning hefur ekki farið fram, nema sýnt sé fram á annað. Skal jafnframt litið svo á að þeim sem í hlut á hafi verið kunnugt um að slit hafi verið hafin, hafi slík tilkynning farið fram, nema sýnt sé fram á annað.][2)]

□ Þegar fjármálafyrirtæki hefur verið skipuð slitastjórn skal hún tafarlaust gefa út og fá birta í Lögbirtingablaði innköllun vegna slitanna. Um efni innköllunar, kröfulýsingarfrest og tilkynningar eða auglýsingar vegna erlendra kröfuhafa skal beitt sömu reglum og við gjaldþrotaskipti.

□ Við slit fjármálafyrirtækis gilda sömu reglur og um réttháð krafna á hendur þrotabúi, en þó skulu kröfur um innstæður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta jafnframt teljast til krafna sem njóta rétthæðar skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Að því leyti sem rétthæð krafna getur ráðist samkvæmt þeim lögum af þeim tíma sem úrskurður er kveðinn upp um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta skal miða á sama hátt við úrskurð um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita.

□ Ákvæði XVIII. kafla og 5. þáttar laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess, þar á meðal um áhrif þess að kröfu sé ekki lýst, en fundir slitastjórnar til að fjalla um viðurkenningu lýstra krafna nefnast kröfuhafafundir. Telji slitastjórn við lok kröfulýsingarfrests að líkur séu til að eignir fyrirtækisins nægi að fullu fyrir skuldum þess er henni að svo stöddu ekki skylt að taka afstöðu til þess hvar einstakar kröfur kunni að standa í réttindaröð.

□ Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal slitastjórn leggja mat á hvort horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis nægi til að standa við skuldbindingar þess. Skýrsla um þetta mat skal lögð fram og kynnt á fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests.

□ Að loknum fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests er slitastjórn heimilt í einu lagi eða mörgu að greiða viðurkenndar kröfur [skv. 109.–112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991],[2)] að hluta eða að fullu að því marki sem tryggt er að eignir fjármálafyrirtækisins hrökkvi til að minnsta kosti jafnhárrar greiðslu allra annarra krafna sem standa eins í réttindaröð og ekki hefur endanlega verið hafnað við slitin. Þess skal þá gætt að allir kröfuhafar sem fara með viðurkenndar kröfur í sömu stöðu í réttindaröð fái greiðslu á sama tíma, en frá því má þó víkja með samþykki þeirra sem ekki fá greitt eða samkvæmt ákvörðun slitastjórnar ef kröfuhafi býðst til að gefa eftir kröfu sína gegn greiðslu hennar að hluta, sem víst má telja að sé lægri að tiltölu en aðrir jafnstæðir kröfuhafar munu fá á síðari stigum, þar á meðal að teknu tilliti til þess hvort kröfur þeirra beri vexti fram að greiðslu. [Nú neytir slitastjórn heimildar samkvæmt framansögðu til að greiða kröfur að hluta eða fullu en ekki hefur verið til lykta leiddur ágreiningur um viðurkenningu kröfu, sem þeim gæti staðið jafnfætis í réttindaröð, og skal þá slitastjórn leggja á sérstakan geymslureikning fjárhæð sem svarar til greiðslu á þeirri kröfu eða upp í hana eins og sú greiðsla gæti hæst orðið samkvæmt kröfugerð hlutaðeigandi kröfuhafa. [Þegar endanleg niðurstaða hefur fengist um ágreininginn skal hlutdeild þeirrar kröfu í innstæðu geymslureiknings-

ins ásamt hlutdeild í áföllnum vöxtum greidd kröfuhafanum að því leyti sem krafan hefur verið viðurkennd, en fé sem eftir kann að standa skal renna aftur til fjármálafyrirtækisins. Fari hlutagreiðslur fram í fleiri en einum gjaldmiðli má stofna sérstakan geymslureikning fyrir hvern gjaldmiðil. Við hverja hlutagreiðslu sem fram fer með innborgun inn á sérstaka geymslureikninga skal senda kröfuhafa sem greiðslu fær tilkynningu, en með innborgun inn á slíkan reikning telst hlutagreiðsla til viðkomandi kröfuhafa hafa farið fram. Með sérstökum geymslureikningi í skilningi ákvæðisins er átt við fjárvörsluinnlánsreikning á nafni fjármálafyrirtækisins sem stofnaður er í því skyni að leggja hlutagreiðslur inn á.][2)][3)][4)]

[1)] *L. 130/2004, 9. gr.* [2)] *L. 78/2011, 4. gr.* [3)] *L. 75/2010, 50. gr.* [4)] *L. 44/2009, 6. gr.*

■ [**103. gr.**][1)] [*Ráðstöfun hagsmuna fjármálafyrirtækis o.fl.*

□ Við slit fjármálafyrirtækis ráðstafar slitastjórn hagsmunum þess eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar. Rísi ágreiningur um slíkar ráðstafanir skal leyst úr honum eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

□ Slitastjórn skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir þörfum efndatíma á útistandandi kröfum þess fremur en að koma þeim fyrr í verð, nema sýnt megi telja að hagsmunir kröfuhafa og eftir atvikum hluthafa eða stofnfjáreigenda séu meiri af því að ráðstafa slíkum réttindum á fyrri stigum til að ljúka megi slitameðferð. Í þessum tilgangi er slitastjórn heimilt að virða að vettugi ályktun kröfuhafafundar sem hún telur andstæða þessu markmiði.

□ Slitastjórn skal boða til kröfuhafafundar í sama skyni og skiptastjóri heldur skiptafundi um bústjórn við gjaldþrotaskipti. Hafi slitastjórn komist að þeirri niðurstöðu í skýrslu skv. 5. mgr. 102. gr. að horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja fyrir skuldbindingum þess skal slitastjórn samhliða kröfuhafafundum efna til funda með hluthöfum eða stofnfjáreigendum til að kanna hug þeirra um ráðstöfun hagsmuna þess. [Slitastjórn eða skilanefnd er jafnframt skylt að kynna kröfuhöfum um allar umtalsverðar ráðstafanir sem varða sölu eða ráðstöfun eigna eða annarra réttinda fjármálafyrirtækis á fundum sem slitastjórn boðar til með almennum hætti.][2)]

□ [Ef ekki er sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu má krefjast riftunar eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana við gjaldþrotaskipti. Gilda þá öll ákvæði XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, við slitameðferðina með sama hætti og við gjaldþrotaskipti en þó þannig að frestur til að höfða riftunarmál skv. 1. mgr. 148. gr. sömu laga skal vera [30 mánuðir][3)] í stað sex mánaða. [Mál sem slitastjórn höfðar á grundvelli þessa ákvæðis skulu þingfest fyrir þeim héraðsdómi þar sem fjármálafyrirtæki var tekið til slita skv. 3. og 4. mgr. 101. gr.][3)][4)][5)]

[1)] *L. 130/2004, 9. gr.* [2)] *L. 78/2011, 5. gr.* [3)] *L. 146/2011, 1. gr.* [4)] *L. 132/2010, 1. gr.* [5)] *L. 44/2009, 7. gr.*

■ [**103. gr. a.** *Lok slitameðferðar.*

□ Hafi slitastjórn lokið greiðslu allra viðurkenndra krafna á hendur fjármálafyrirtæki og eftir atvikum tekið frá fé til greiðslu krafna sem ágreiningur stendur um og komið eignum þess eftir þörfum í verð lýkur hún slitameðferð með því annaðhvort:

1. að láta fyrirtækið aftur í hendur hluthafa eða stofnfjáreigenda ef fundur þeirra sem slitastjórn hefur boðað til hefur samþykkt með atkvæðum þeirra sem ráða yfir að minnsta kosti $^{2}/_{3}$ hlutum hlutafjár eða stofnfjár að fyrirtækið taki upp starfsemi á ný og kjörin hefur verið ný stjórn til að taka við því úr höndum slitastjórnar, enda hafi Fjármálaeftirlitið veitt samþykki sitt til þess og fyrirtækið fullnægir öðrum skilyrðum laga til að hefja aftur starfsemi, eða

2. að greiða hluthöfum eða stofnfjáreigendum út eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna samkvæmt frumvarpi til úthlutunar sem gert skal eftir ákvæðum XXII. kafla og 5. þáttar laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en sé um sparisjóð að ræða skal þó eignum, sem standa eftir að lokinni greiðslu stofnfjárhluta, varið eftir samþykktum hans og er óheimilt að ráðstafa þeim til stofnfjáreigenda . . . [1)]

□ Ljúka má slitameðferð samkvæmt því sem segir í 1. tölul. 1. mgr. þótt ekki sé lokið greiðslu allra viðurkenndra krafna ef þeir kröfuhafar sem hafa ekki enn fengið fullnustu samþykkja það.

□ Nægi eignir fjármálafyrirtækis ekki til fullrar greiðslu krafna sem ekki hefur endanlega verið hafnað við slitameðferð getur slitastjórn þegar hún telur tímabært leitað nauðasamnings til að ljúka henni. Skal slitastjórn þá gera frumvarp að nauðasamningi eftir reglum 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og boða til kröfuhafafundar til að bera það undir atkvæði. [Eftir því sem átt getur við fara nauðasamningsumleitanir að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151.–153. gr. sömu laga, þó með því fráviki að frestur skv. 1. mgr. 51. gr. sömu laga skal vera átta vikur, en slitastjórn gegnir þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og heldur kröfuhafafundi við þessar umleitanir.][2)] Fáist frumvarp að nauðasamningi samþykkt skal slitastjórn leita staðfestingar hans eftir reglum IX. kafla sömu laga. Ef nauðasamningur er staðfestur efnir slitastjórn eftir þörfum skuldbindingar við kröfuhafa samkvæmt honum og lýkur svo slitameðferð eftir því sem segir í 1. og 2. mgr. [Frumvarp að nauðasamningi fjármálafyrirtækis telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða eftir fjárhæðum krafna atkvæðismanna og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, þó að lágmarki 60 hundraðshluta þeirra atkvæða. Jafnframt er áskilið samþykki 70 hundraðshluta atkvæða þeirra atkvæðismanna sem greiða atkvæði um nauðasamninginn.][2)]

□ Nú liggur fyrir að eignir fjármálafyrirtækis nægi ekki til að standa að fullu við skuldbindingar þess og slitastjórn telur sýnt að ekki verði forsendur til að leita nauðasamnings skv. 3. mgr. eða frumvarp að honum hefur ekki fengist samþykkt eða hafnað hefur verið kröfu um staðfestingu hans og skal þá slitastjórn krefjast þess fyrir héraðsdómi, þar sem hún var skipuð til starfa, að bú fyrirtækisins verði tekið til gjaldþrotaskipta. Það sama getur kröfuhafi gert ef krafa hans hefur verið viðurkennd við slitameðferð og annaðhvort hafa nauðasamningsumleitanir slitastjórnar ekki borið árangur eða hann sýnir fram á að ekki séu lagaskilyrði til að leita nauðasamnings eða sá fjöldi kröfuhafa sé andvígur honum að útilokað sé að tekist geti að koma honum fram miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um fjárhag fyrirtækisins. Til að hafa slíka kröfu uppi verður þó kröfuhafi að sýna fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að koma fram gjaldþrotaskiptum fremur en að fyrirtæki verði áfram í slitameðferð.

□ Sé bú fjármálafyrirtækis tekið til gjaldþrotaskipta skal það standa óraskað sem gert hefur verið við slitameðferð varðandi kröfur á hendur fyrirtækinu, þar á meðal innköllun til kröfuhafa og meðferð lýstra krafna, en skiptastjóri skal fá

birta auglýsingu í Lögbirtingablaði um að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Um gjaldþrotaskiptin fer annars eftir almennum reglum að öðru leyti en því að ákvæði 2. mgr. 103. gr. gilda þar að breyttu breytanda, auk þess sem sá dagur sem dómsúrlausn gekk um að fjármálafyrirtækið væri tekið til slita skal við gjaldþrotaskiptin svara að því er varðar réttaráhrif til þess dags sem úrskurður gekk um þau.][3]

[1] *L. 76/2009, 14. gr.* [2] *L. 78/2011, 6. gr.* [3] *L. 44/2009, 8. gr.*

■ [**104. gr.** *Slit á lánastofnun með höfuðstöðvar á Íslandi og útibú í öðru EES-ríki.*

□ [Nú tekur dómstóll hér á landi ákvörðun um slit lánastofnunar sem hefur staðfestu og starfsleyfi hér á landi og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðrum aðildarríkjum.][1] Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara að íslenskum lögum með þeim takmörkunum er greinir í 2. mgr. 99. gr.

□ Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um ákvörðun um slit.

□ [Ef lánastofnun starfrækir útibú í öðrum aðildarríkjum skal Fjármálaeftirlitið koma upplýsingum um beiðnina til lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríkjum í samræmi við reglur[2] er ráðherra setur.][1]

□ [Nú er þekktur kröfuhafi lánastofnunar búsettur í öðru aðildarríki og skal þá skiptastjóri án tafar tilkynna honum um upphaf skiptanna.][1] Í tilkynningunni skal greina frá kröfulýsingarfresti, hvert beina skuli kröfulýsingu og afleiðingum vanlýsingar í samræmi við reglur[2] sem ráðherra setur.][3]

[1] *L. 108/2006, 82. gr.* [2] *Rg. 872/2006.* [3] *L. 130/2004, 11. gr.*

■ [**105. gr.** *Slit á lánastofnun með höfuðstöðvar erlendis en útibú á Íslandi.*

□ [Útibúi sem starfrækt er hérlendis af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki verður ekki veitt sjálfstæð heimild til slita hér á landi. Nú tekur lögbært yfirvald í öðru aðildarríki ákvörðun um slit lánastofnunar sem hefur aðsetur og staðfestu í því ríki og tekur þá ákvörðunin sjálfkrafa til útibúa sem lánastofnunin starfrækir hér á landi. Með slitum á lánastofnunum samkvæmt þessari grein er átt við sameiginlega málsmeðferð sem stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld í öðru aðildarríki hefja og hafa eftirlit með og hefur að markmiði að selja eignir undir eftirliti þessara aðila.][1]

□ Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara að lögum heimaríkisins með þeim takmörkunum er greinir í 2. mgr. 99. gr.

□ Nú er sett fram krafa um gjaldþrotaskipti á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. vegna útibús sem lánastofnun með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins starfrækir hér á landi og skal héraðsdómari þá gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um kröfuna. Ef viðkomandi lánastofnun starfrækir útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu skal Fjármálaeftirlitið tilkynna eftirlitsstjórnvöldum í þeim ríkjum um kröfuna.][2]

[1] *L. 108/2006, 83. gr.* [2] *L. 130/2004, 11. gr.*

[***C.***][1] ***Samruni.***

[1] *L. 130/2004, 9. gr.*

■ [**106. gr.**][1] [Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki er aðeins heimill að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Yfirfærsla einstaka rekstrarhluta fjármálafyrirtækis til annars fyrirtækis með öðrum hætti, svo sem sölu, er einnig háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Með rekstrarhluta er í ákvæði þessu átt við starfhæfa einingu innan fjármálafyrirtækis, t.d. útibú.

□ Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki er aðeins heimill ef ákvörðun þar að lútandi hefur hlotið samþykki hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu með minnst $^{2}/_{3}$ hlutum greiddra atkvæða og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu sem ráða yfir minnst $^{2}/_{3}$ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda. Ef hið yfirtekna fyrirtæki er alfarið í eigu yfirtökufélags þarf ekki að koma til atkvæðagreiðslu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar í yfirtekna félaginu.][2]

□ [Heimilt er að sameina sparisjóð við annað fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. þannig að sparisjóði verði slitið. Við sameiningu fá stofnfjáreigendur hlutabréf í hinu sameinaða fjármálafyrirtæki í samræmi við hlutfall stofnfjár af eigin fé sparisjóðsins. Endurgjald fyrir óráðstafað eigið fé sparisjóðsins, sé það fyrir hendi, skal lagt í sérstaka sjálfseignarstofnun sem skal hafa þann tilgang að rækja og stuðla að framgangi þeirra samfélagslegu verkefna sem samþykktir sparisjóðsins kveða á um. Skal endurgjald til sjálfseignarstofnunarinnar vera í formi peningagreiðslu eða með skuldabréfi til ekki lengri tíma en 10 ára. Áður en til samruna kemur skal óháður aðili staðfesta hlutfallslega skiptingu stofnfjár og annars eigin fjár sparisjóðsins og leggja mat á verðmæti umsamins endurgjalds sem fara skal til sjálfseignarstofnunar, með tilliti til þess hvort það sé sanngjarnt, eðlilegt og í réttu hlutfalli miðað við verðmæti hlutabréfa sem koma í hlut stofnfjáreigenda. Skal Fjármálaeftirlitið staðfesta matið. Í stjórn sjálfseignarstofnunar samkvæmt þessari málsgrein skulu eiga sæti einn fulltrúi sveitarfélaga á starfssvæði sparisjóðsins, einn fulltrúi skipaður af [ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál],[3] sem skal vera formaður stjórnar, og einn fulltrúi tilnefndur af [ráðherra er fer með fræðslumál].[3] Samþykktir sjálfseignarstofnunarinnar skulu staðfestar sameiginlega af [ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál][3] og [ráðherra er fer með fræðslumál].[3]][4]

□ Um samruna fjármálafyrirtækja gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

□ Fjármálafyrirtæki, sem er slitið vegna samruna, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna fjármálafyrirtækja er undanþegin stimpilgjöldum.

□ [Fjármálaeftirlitið skal auglýsa samruna og yfirfærslu rekstrarhluta fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruninn eða yfirfærslan tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi fyrirtækja, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.][2]

□ Við samruna tveggja eða fleiri fjármálafyrirtækja skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi fyrirtækja á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 14. gr. ekki verið náð. [Við samruna sparisjóða má óráðstafað eigið fé sameinaðs sparisjóðs ekki verða lægra en samanlagt óráðstafað eigið fé þeirra sparisjóða var fyrir samruna.][4]

[1] *L. 130/2004, 11. gr.* [2] *L. 96/2008, 11. gr.* [3] *L. 126/2011, 355. gr.* [4] *L. 76/2009, 15. gr.*

ÓFIÐ ÚTGÁFA

XIII. kafli. Eftirlit.

A. Almennar eftirlitsheimildir.

■ [**107. gr.**][1] *Fjármálaeftirlitið.*

□ [Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í IV. kafla að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, auk eftirlits með eigendum virkra eignarhluta skv. VI. kafla. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

□ . . . [2]][3]

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við fjármálafyrirtæki, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fjármálafyrirtæki.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.

□ [Fjármálaeftirlitið fylgist með viðskiptum fjármálafyrirtækis við dóttur- og hlutdeildarfélög þess, félög sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í fjármálafyrirtækinu og við önnur dóttur- og hlutdeildarfélög þeirra félaga. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með viðskiptum fjármálafyrirtækis við einstaklinga sem eiga 20% hlut eða stærri í framangreindum félögum. Fjármálafyrirtæki skulu skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um slík viðskipti eftir nánari ákvörðun þess. Séu viðskiptin við fyrirtæki eða einstaklinga í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

□ Fjármálaeftirlitið getur að ósk eftirlitsstjórnvalda í öðru ríki staðreynt upplýsingar frá aðilum hér á landi sem falla undir viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Viðkomandi eftirlitsstjórnvöldum er heimilt að taka þátt í vinnu við að staðreyna slíkar upplýsingar.][4]

□ Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

□ Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

[1] *L. 130/2004, 11. gr.* [2] *L. 75/2010, 51. gr.* [3] *L. 67/2006, 14. gr.* [4] *L. 130/2004, 13. gr.*

■ [**108. gr.**][1] *Aðstoð við yfirvöld annarra EES-ríkja.*

□ Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra fyrirtækja hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.

□ Gerist fjármálafyrirtæki, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegt við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 34. gr., skal Fjármálaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

□ [Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um svissneska og færeyska eftirlitsaðila eftir því sem við á, enda liggi fyrir samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.][2]

□ [Fjármálaeftirlitið skal tilkynna viðeigandi erlendum yfirvöldum um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrot innlendra lánastofnana sem reka útibú í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.][3]

[1] *L. 130/2004, 11. gr.* [2] *L. 108/2006, 84. gr.* [3] *L. 130/2004, 14. gr.*

B. Eftirlit á samstæðugrundvelli.

■ [**109. gr.**][1] Ákvæði IV. kafla C og X. kafla skulu gilda um samstæðu þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Móðurfyrirtækið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis. [Ákvæði 52. gr. um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra og 84. og 85. gr. um eigið fé gilda einnig um eignarhaldsfélag á fjármálasviði.][2] [Ákvæði 30. gr. og 84.–86. gr. skulu einnig gilda um fjármálasamsteypur skv. 3. mgr.][2]

□ Eigi fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, eitt og sér eða ásamt með öðrum fyrirtækjum í samstæðunni, hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem er fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki á fjármálasviði og það fyrirtæki er starfrækt í samstarfi við önnur fyrirtæki sem ekki eru hluti af samstæðunni skal við beitingu ákvæða 1. mgr. um eigin fé nota hlutfallslega samstæðuaðferð með hliðsjón af hlutdeild í viðkomandi fyrirtæki. Sé ábyrgð fjármálafyrirtækisins eða eignarhaldsfélagsins á viðkomandi hlutdeildarfélagi ekki takmörkuð við eignarhlutdeildina eða atkvæðisréttinn eiga ákvæði hefðbundinna samstæðureikningsskila við. Með hlutdeildarfélagi samkvæmt þessari málsgrein er átt við félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á eða beinn og óbeinn eignarhlutur nemur 20% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti.

□ [Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að fjármálasamsteypur fari að ákvæðum laga þessara. Með fjármálasamsteypu er átt við samstæðu félaga, eða félög sem hafa með sér náin tengsl, sbr. 18. gr., þar sem eftirlitsskyldur aðili fer fyrir samstæðunni og a.m.k. einn aðili innan samstæðunnar starfar á fjármálasviði og annar aðili starfar á vátryggingasviði og þar sem umsvif á samstæðugrundvelli og/eða samanlögð umsvif á fjármálasviði annars vegar og hins vegar samsvarandi umsvif á vátryggingasviði eru hvor um sig talin mikilvæg samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Fari enginn eftirlitsskyldur aðili fyrir samstæðunni, en starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á fjármála- eða vátryggingasviði samkvæmt skilgreiningu í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur, telst samstæðan vera fjármálasamsteypa. Sérhverja undirsamstæðu sem uppfyllir skilyrði 2. málsl. skal líta á sem fjármálasamsteypu. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur[3] um skilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim.][2]

□ Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og [9. og 10. mgr. 97. gr.][2] gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða fjármálafyrirtæki sem eitt og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum ákvæðum.

HÆTTA FELLD ÚT

□ Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og [9. og 10. mgr. 97. gr.][2] gilda ekki um fyrirtæki sem fjármálafyrirtæki hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis, né heldur um fyrirtæki sem starfrækja vátryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

□ Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar og [9. og 10. mgr. 97. gr.][2]

[1] *L. 130/2004, 11. gr.* [2] *L. 130/2004, 15. gr.* [3] *Rgl. 920/2008.*

XIV. kafli. Viðurlög.

■ [**110. gr.**][1] [*Stjórnvaldssektir.*

□ [Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn [eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra]:[2]

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 8. gr. um tilkynningar um breytingar á áður skráðum upplýsingum um fjármálafyrirtæki,
3. 1. mgr. 12. gr. um einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir,
4. [17. gr. um framkvæmd áhættustýringar],[2]
5. 17. gr. a um skyldu til að halda sérstaka skuldbindingaskrá og upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins,
6. 2. mgr. 17. gr. b um að eftirlitsskyldur aðili skuli fara að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins,
7. 1. og 2. mgr. 19. gr. um að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði . . . [2] og hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði,
8. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
9. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
10. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,
11. 29. gr. um eignarhald og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
12. 1. og 2. mgr. 29. gr. a um bann við lánveitingum eða öðrum fyrirgreiðslum,

[13. 29. gr. b um færslu á útlánaáhættu,

14. 29. gr. c um upplýsingaskyldu varðandi verðbréfun],[2]

[15.][2] . . . [2] 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,

[16.][2] 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,

[17.][2] 1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr. um starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis,

[18.][2] 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut,

[19.][2] 46. gr. a um hömlur á meðferð hlutar,

[20.][2] 47. gr. um tilkynningu eiganda,

[21.][2] 48. gr. um tilkynningu fjármálafyrirtækis,

[22.][2] 49. gr. um upplýsingaskyldu,

[23.][2] 2., 3., 4. og 7. mgr. 52. gr. um hæfisskilyrði, setu stjórnarmanna í stjórn annars fjármálafyrirtækis og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,

[24.][2] 52. gr. b um tilkynningu stjórnar móðurfélags,

[25.][2] 52. gr. c um tilkynningu stjórnar og framkvæmdastjóra til Fjármálaeftirlitsins,

[26.][2] 1. og 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. um hæfisskilyrði starfsmanna fjármálafyrirtækja sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga og tilkynningar um mannabreytingar,

[27.][2] 2. og 3. mgr. 54. gr. um starfsreglur og bann við starfandi stjórnarformanni,

[28.][2] 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,

[29.][2] 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,

[30.][2] 57. gr. um starfsreglur,

[31.][2] 57. gr. a um kaupaukakerfi,

[32.][2] 57. gr. b um starfslokasamninga,

[33.][2] 58. gr. um þagnarskyldu,

[34.][2] 3. mgr. 63. gr. um að halda og uppfæra skrá yfir stofnfjáreigendur,

[35.][2] 3. mgr. 66. gr. um að setja og fylgja reglum um viðskipti með stofnfé,

[36.][2] 68. gr. um ráðstöfun arðs,

[37.][2] 2. mgr. 69. gr. um skyldur sparisjóðs,

[38.][2] 3. mgr. 80. gr. um upplýsingaskyldu rafeyrisfyrirtækja,

[39.][2] 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,

[40.][2] 3. málsl. 7. mgr. 84. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,

[41.][2] 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,

[42.][2] 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,

[43.][2] 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,

[44.][2] 89. gr. um skýrslu stjórnar,

[45.][2] 91. gr. um hæfi endurskoðanda,

[46.][2] 92. gr. um upplýsingaskyldu endurskoðanda,

[47.][2] 95. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins,

[48.][2] 106. gr. um samruna fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess,

[49.][2] 107. gr. um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins,

[50.][2] sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 111. gr.

□ Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

□ Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.][3]][4]

[1] *L. 130/2004, 11. gr.* [2] *L. 119/2011, 7. gr.* [3] *L. 75/2010, 52. gr.* [4] *L. 55/2007, 7. gr.*

■ [**111. gr.**][1] [Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur[2] um framkvæmd ákvæðisins.][3]

[1] *L. 130/2004, 11. gr.* [2] *Rgl. 1245/2007.* [3] *L. 55/2007, 8. gr.*

HÉÐRÍNGAFA

■ [**112. gr.**][1] [Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.][2]

[1] *L. 130/2004, 11. gr.* [2] *L. 55/2007, 9. gr.*

■ [**112. gr. a.** Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

□ Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.][1]

[1] *L. 55/2007, 10. gr.*

■ [**112. gr. b.** *Sektir eða fangelsi.*

□ [[Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:][1]

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 2. mgr. 17. gr. b um upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins,
3. 2. mgr. 19. gr. um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins,
4. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
5. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
6. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,
7. 29. gr. um eignarhald og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
8. 1. og 2. mgr. 29. gr. a um bann við lánveitingum eða öðrum fyrirgreiðslum,

[9. 29. gr. b um færslu á útlánaáhættu,
10. 29. gr. c um upplýsingaskyldu varðandi verðbréfun],[1]

[11.][1] 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,
[12.][1] 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,
[13.][1] 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut,
[14.][1] 46. gr. a um hömlur á meðferð hlutar,
[15.][1] 49. gr. um upplýsingaskyldu,
[16.][1] 2. og 3. mgr. 54. gr. um starfsreglur og bann við starfandi stjórnarformanni,
[17.][1] 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,
[18.][1] 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,
[19.][1] 1. mgr. 57. gr. um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki,
[20.][1] 57. gr. a um kaupaukakerfi,
[21.][1] 57. gr. b um starfslokasamninga,
[22.][1] 58. gr. um þagnarskyldu,
[23.][1] 68. gr. um ráðstöfun arðs,
[24.][1] 1., 2. og 4. mgr. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,
[25.][1] 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,
[26.][1] 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,
[27.][1] 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,
[28.][1] 89. gr. um skýrslu stjórnar,
[29.][1] 91. og 92. gr. um hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri.

□ Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna.][2][3]

[1] *L. 119/2011, 8. gr.* [2] *L. 75/2010, 53. gr.* [3] *L. 55/2007, 10. gr.*

■ [**112. gr. c.** Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

□ Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.][1]

[1] *L. 55/2007, 10. gr.*

■ [**112. gr. d.** [Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.][1]

□ Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til [rannsóknar lögreglu].[1] Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

□ Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.][2]

[1] *L. 88/2008, 234. gr.* [2] *L. 55/2007, 10. gr.*

XV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ [**113. gr.**][1] *Nafnskráning reikninga.*

□ Innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu.

[1] *L. 130/2004, 11. gr.*

■ [**114. gr.**][1] *Glatað skilríki.*

□ Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini er fjármálafyrirtæki hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur stjórn fjármálafyrirtækis stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

ÓLDRÍTUÐ ÚTGÁFA

□ Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur fjármálafyrirtækinu samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal fjármálafyrirtæki þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutaðeigandi fyrirtæki, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

[1] *L. 130/2004, 11. gr.*

■ [**115. gr.**][1] *Undanþága frá stimpilgjaldi.*

□ Innlánsskilríki, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni fjármálafyrirtækja, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skulu undanþegin stimpilgjaldi.

[1] *L. 130/2004, 11. gr.*

■ [**116. gr.**][1] *Undanþegnir sjóðir og undanþága frá rekstrarformi.*

□ Þrátt fyrir starfsheimildir Hafnabótasjóðs samkvæmt lögum nr. 23/1994, hafnalögum, Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, og Ferðamálasjóðs samkvæmt lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, teljast þessir sjóðir ekki til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

□ Opinberir fjárfestingarlánasjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara eru undanþegnir skilyrði 13. gr. um að starfa sem hlutafélög.

[1] *L. 130/2004, 11. gr.*

XVI. kafli. Gildistaka o.fl.

■ [**117. gr.**][1] *Innleiðing.*

□ Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, 93/6/EBE um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana, [2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga],[2] 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, 107/2001/EB um breytingu á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, 95/26/EB um breytingar á ýmsum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu með það í huga að efla eftirlit, 2000/28 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB er varðar skilgreiningu á lánastofnun og 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja, [tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB],[3] [tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB, [tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB][4]].[5]

[1] *L. 130/2004, 11. gr.* [2] *L. 111/2007, 12. gr.* [3] *L. 78/2011, 7. gr.* [4] *L. 119/2011, 9. gr.* [5] *L. 75/2010, 54. gr.*

■ [**118. gr.**][1] *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. . . . Með fjármálagerningum í lögum þessum er átt við verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

[1] *L. 130/2004, 11. gr.*

■ [**119. gr.**][1] . . .

[1] *L. 130/2004, 11. gr.*

■ [**120. gr.**][1] . . .

[1] *L. 130/2004, 11. gr.*

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.–IV.** . . . [1]

[1] *L. 75/2010, 55. gr.*

■ [**V.** Um fjármálafyrirtæki sem njóta heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku þessara laga skulu eftirfarandi sérreglur gilda:

1. Heimild til greiðslustöðvunar skal haldast þrátt fyrir gildistöku laga þessara og má framlengja hana samkvæmt þeim reglum sem um ræðir í [3. mgr. 98. gr.][1]

2. [Við greiðslustöðvunina skal beitt ákvæðum 1. mgr. 101. gr., 102. gr., 103. gr. og 103. gr. a laganna, eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem lög nr. 44/2009 öðluðust gildi, en slitameðferðin skal þó allt að einu kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem sú heimild stendur, sbr. 1. tölul. Ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda ekki um slíka greiðslustöðvun sem hér um ræðir, en þó skal aðstoðarmaður hafa eftirlit með ráðstöfunum skilanefndar skv. 103. gr. laganna. Áður en heimild fyrirtækisins til greiðslustöðvunar rennur út geta skilanefnd og slitastjórn sameiginlega gert kröfu um að fyrirtækið verði tekið til slitameðferðar eftir almennum reglum, sbr. þó 3. og 4. tölul., með dómsúrskurði, enda séu uppfyllt efnisskilyrði 3. tölul. 2. mgr. 101. gr. laganna. Slík krafa skal í síðasta lagi lögð fram á þeim degi er heimild fyrirtækisins til greiðslustöðvunar rennur út. Um meðferð slíkrar kröfu fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 101. gr. laganna. Fallist dómur á kröfuna skal það standa óraskað sem gert hefur verið í greiðslustöðvun fyrirtækisins eftir gildistöku laga nr. 44/2009. Að því leyti sem rétthæð krafna og önnur réttaráhrif ráðast almennt af þeim degi er úrskurður um slitameðferð gengur skal á sama hátt miða við gildistökudag þeirra laga. Frá því að beiðni um slitameðferð eftir almennum reglum berst dómara og þar til endanlegur úrskurður er kveðinn upp gilda reglur um slitameðferð til bráðabirgða um fyrirtækið. Heimild til greiðslustöðvunar lýkur sjálfkrafa þegar endanlegur úrskurður um að fyrirtækið sé tekið til slitameðferðar er kveðinn upp.][2]

3. Skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað fyrir gildistöku laga þessara á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008, skal með óbreyttu heiti halda áfram störfum og gegna því hlutverki sem slitastjórn er ætlað í 3. mgr. 9. gr., 2. málsl. 4. mgr. 101. gr., 1. málsl. 5. mgr. 102. gr. og 1.–3. mgr. 103. gr. laganna . . . [1] [Að því leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um skilanefnd, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni. Þeir menn sem eiga sæti í skilanefnd skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr. laganna. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2012 og skulu þá þau verk sem skilanefndir hafa sinnt falla til slitastjórna. Þegar slitastjórn hefur tekið við verkefnum skilanefndar getur héraðsdómari eftir beiðni slitastjórnar skipað fleiri menn í slitastjórn en þeir mega þó ekki vera fleiri en fimm.][3]

4. Til annarra verka slitastjórnar en um ræðir í 3. tölul. skal héraðsdómari eftir skriflegri beiðni skilanefndar skipa fyrirtækinu slíka stjórn samkvæmt fyrirmælum 1. og 3. málsl. 4. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga þessara. Þar skal jafnframt sjálfkrafa taka sæti sá sem gegnir starfi aðstoðarmanns fyrirtækisins við greiðslustöðvun og skal hann halda því sæti þótt henni ljúki.

[5. Eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins skv. 101. gr. a laganna nær einnig til starfa skilanefndar sem starfar samkvæmt ákvæði þessu og þeirra manna sem í henni eigi sæti.][3]][4]

[1] *L. 75/2010, 55. gr.* [2] *L. 132/2010, 2. gr.* [3] *L. 78/2011, 8. gr.* [4] *L. 44/2009, brbákv. II.*

ELDRI GERÐ

■ [**VI.** Í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði getur Fjármálaeftirlitið gripið til sérstakra ráðstafana í samræmi við fyrirmæli þessa ákvæðis telji það þörf á vegna sérstakra aðstæðna eða atvika. Með sérstökum aðstæðum eða atvikum er átt við sérstaka fjárhagserfiðleika og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, þar á meðal ef líkur eru á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis eru líklega fyrir hendi eða líkur standa til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár og önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins eru ekki líkleg til að bera árangur. Þá er með sérstökum aðstæðum einnig átt við að fjármálafyrirtæki hafi óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

□ Við aðstæður eða atvik sem um ræðir í 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið boðað til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins skal stýra fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Fjármálaeftirlitið er við þessar aðstæður ekki bundið af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykkta fjármálafyrirtækis um fundarboðun eða fresti til fundarboðunar eða tillögugerðar til breytinga á samþykktum.

□ Séu aðstæður mjög knýjandi getur Fjármálaeftirlitið tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, þar á meðal að takmarka ákvörðunarvald stjórnar, víkja stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafa slíku fyrirtæki í heild eða að hluta, meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki. Við slíka ráðstöfun gilda hvorki ákvæði laga um verðbréfaviðskipti um tilboðsskyldu né ákvæði laga þessara um auglýsingu samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framselja öll réttindi að því marki sem nauðsynlegt er í slíkum tilfellum. Verði það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að samruni viðkomandi fjármálafyrirtækis við annað tryggi best þá hagsmuni sem í húfi eru gilda ákvæði samkeppnislaga og samrunaákvæði laga þessara ekki um þá ráðstöfun. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um yfirtöku á rekstri fjármálafyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna opinberlega. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

□ Víki Fjármálaeftirlitið stjórn fjármálafyrirtækis í heild frá störfum skal því þegar í stað skipuð bráðabirgðastjórn. Ákvæði 100. gr. a gilda að öðru leyti um slíka stjórn og störf hennar.

□ Ef nauðsyn krefur getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun fjármuna og eigna fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga skuldbindingum fjármálafyrirtækis og láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem þörf krefur. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að rifta sölu eigna sem átt hefur sér stað allt að mánuði áður en það greip til sérstakra ráðstafana samkvæmt þessu ákvæði.

□ Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um framangreinda málsmeðferð og ákvarðanatöku Fjármálaeftirlitsins.

□ Ríkissjóður ber ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þessa ákvæðis.

□ Ákvæði þetta fellur úr gildi [1. júlí 2012].[1)]][2)]

[1)] *L. 78/2011, 9. gr.* [2)] *L. 44/2009, brbákv. IV.*

■ [**VII.** Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 102. gr. er skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem naut heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laga nr. 44/2009, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. ákvæði til bráðabirgða II, heimilt, á tímabilinu frá gildistöku laga þessara og þar til skilyrði eru fyrir efndum krafna á grundvelli 6. mgr. 102. gr., að greiða skuldir vegna launa, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti, og vegna innlána sem veittur var forgangsréttur með 6. gr. laga nr. 125/2008, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, ef víst er að nægilegt fé sé til að greiða að fullu eða í jöfnu hlutfalli kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð. [Með sömu skilyrðum er slitastjórn fjármálafyrirtækis heimilt að greiða skuldir vegna launa, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti, frá gildistöku laga þessara fram til [31. desember 2010].[1)]][2)]][3)]

[1)] *L. 127/2010, 1. gr.* [2)] *L. 74/2009, 1. gr.* [3)] *L. 61/2009, 1. gr.*

■ [**VIII.** Fjármálafyrirtæki hafa ráðrúm til næsta aðalfundar eftir samþykkt laga þessara til að uppfylla hæfisskilyrði um stjórnarmenn. Framkvæmdastjórar og forstöðumenn innri endurskoðunardeilda hafa ráðrúm til 31. desember 2010 til að uppfylla hæfisskilyrði samkvæmt lögum þessum.][1)]

[1)] *L. 75/2010, 55. gr.*

■ [**IX.** Ákvæði 29. gr. b tekur til verðbréfunar sem stofnað hefur verið til eftir gildistöku þessara laga, en eftir 31. desember 2014 skal ákvæðið einnig ná til allra verðbréfaðra staðna sem stofnað hefur verið til fyrir setningu þessara laga, enda hafi eignum verið skipt út eða eignum bætt við undirliggjandi eignasafn eftir þann tíma.

□ Fjármálaeftirlitið skal, fyrir 31. desember 2011, birta upplýsingar um almenn viðmið og aðferðir sem notaðar eru við mat á því hvort skilyrði 29. gr. b eða reglna Fjármálaeftirlitsins skv. 29. gr. d teljast vera uppfyllt.][1)]

[1)] *L. 119/2011, 10. gr.*

ELDRI ÚTGÁFA